



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

## **Höfuðvígi karlmennskunnar**

*Viðhorf Knattspyrnusambands Íslands og íslenskra fjölmiðla til  
kvennaknattspyrnu á Íslandi 1970-2007*

**Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði**

**Oddur Sigurjónsson**

**Maí 2013**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

# **Höfuðvígí karlmennskunnar**

*Viðhorf Knattspyrnusambands Íslands og íslenskra fjölmiðla  
til kvennaknattspyrnu á Íslandi 1970-2007*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Oddur Sigurjónsson**

**Kt.: 290784-2559**

**Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir og Sverrir Jakobsson**

**Maí 2013**

## Ágrip

Fyrsti opinberi kvennaknattspyrnuleikurinn var spilaður hér á landi árið 1970 og árið 1981 var svo íslenska kvennalandsliðið stofnað. Frá upphafi hefur kvennaknattspyrnan þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum og því að njóta sömu virðingar og karlaknattspyrna. Saga kvennaknattspyrnunnar á Íslandi er því eins konar baráttusaga. Knattspyrnukonur hafa mætt ýmiss konar fordómum og misrétti í gegnum tíðina og Knattspyrnusamband Íslands, sem og aðildarfélag þess, eru enn mikil karlaveldi og áhersla þeirra að mestu leyti á karlaknattspyrnu.

Í þessari ritgerð eru viðhorf Knattspyrnusambands Íslands til kvennaknattspyrnu rannsökuð, og þá sérstaklega formanna KSÍ. Einnig er fjallað um mikilvægi fjölmiðla og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á umfjöllun fjölmiðla um konur og íþróttir. Ásamt því var gerð orðræðugreining á íslenskum dagblöðum og skoðað hvernig viðhorf til kvennaknattspyrnu endurspeglast í þeim. Tímabilið sem um ræðir er frá fyrsta opinbera kvennaknattspyrnuleiknum 1970, til ársins 2007 þegar nýr formaður tók til starfa hjá Knattspyrnusambandi Íslands og gegndi sá aðili enn formennsku þegar þessi rannsókn var gerð.

Við lok rannsóknartímabilsins er hafin sú mikla uppsveifla og velgengi sem hefur einkennt kvennalandsliðið síðustu ár. Þrátt fyrir að velgengin sé mun meiri en hjá karlalandsliðinu er kvennaknattspyrnu samt enn ekki sýnd sama virðing og karlaknattspyrnunni. Þó að umræðan um kvennaknattspyrnu sé í gegnum tíðina jákvæð bæði í fjölmiðlum og hjá forsvarsmönnum KSÍ, endurspeglast jákvætt viðhorf ekki í stuðningi við greinina þegar að kemur að fjármagni, skipulagi og aðstöðu. Áhorfstölur og sterkari hefð fyrir karlaknattspyrnu eru þau rök sem eru öðrum fremur notuð til að réttlæta mismunandi stöðu, umfjöllun um og fjárframlög til kvenna- og karlaknattspyrnu.

## Efnisyfirlit:

<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Kafli 1 - Aðferðafræði og kenningar</b>	
1.1 Staða þekkingar.....	4
1.2 Kynjafræðilegt sjónarhorn og kyngervi.....	5
1.3 Orðræðugreining.....	7
<b>Kafli 2 – Bakgrunnskafli</b>	
2.1 Saga kvennaknattspyrnunnar á Íslandi í grófum dráttum.....	8
2.2 Íslenska kvennalandsliðið.....	10
<b>Kafli 3 – Knattspyrnusamband Íslands</b>	
3.1 Albert Guðmundsson („faðir kvennaknattspyrnunnar“) & Ellert B. Schram.....	12
3.2 Eggert Magnússon tekur við.....	16
3.3 Ráðist að höfuðvígi karlmenskunnar – Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna.....	17
3.4 Krónur kvennanna.....	18
3.5 Nýr formaður KSÍ - Framboð Höllu Gunnarsdóttur.....	21
3.6 Áherslur formanna KSÍ.....	23
<b>Kafli 4 – Fjölmiðlar</b>	
4.1 Rannsóknir á fjölmiðlum.....	25
4.2 Viðbrögð fjölmiðla, skýringar og afsakanir.....	29
4.3 Áhrif kveníþrótttafréttamanna.....	32
<b>Kafli 5 – Orðræðugreining</b>	
5.1 Fyrstu ár kvennaknattspyrnunnar.....	34
5.2 Áhrif fjölmiðla.....	36
5.3 Styrkleikamunur í efstu deild kvenna.....	39
5.4 Kvartanir í fjölmiðlum.....	41
5.5 Kvenkyns íþrótttafréttamenn.....	42
5.6 Umdeild auglýsing.....	43
<b>Niðurstöður</b> .....	45
<b>Heimildaskrá</b>	

## Inngangur

Þegar þessi ritgerð er skrifuð hefur velgengni íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta verið mikil síðustu ár. Á sama tíma hefur árangur liðsins og góð stemning með liðinu verið áberandi í fréttáflutningi og því auðvelt að fá á tilfinninguna að viðhorf fjölmiðla og samfélagsins til kvennaknattspyrnunnar á Íslandi séu fyrst og fremst jákvæð. Þegar horft er hins vegar til þess að iðkun kvennaknattspyrnu hefst ekki á skipulegan hátt fyrr en um 1970, má velta fyrir sér hvort að þangað til hafi skoðun fólks á kvennafótbolta verið önnur, og því vakna spurningar um hvernig viðhorfið hefur breyst í gegnum tíðina og hvernig það hefur mótast. Til þess að rannsaka það er tilvalið að skoða afstöðu þeirra sem hafa vald til að hafa áhrif á umræðuna. Í íslenskri knattspyrnu eru það öðrum fremur Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) annars vegar og fjölmiðlar hins vegar. Rannsóknartímabilið hefst árið 1970 og nær til ársins 2007 þegar nýr formaður hjá KSÍ tekur við, en hann var enn við störf þegar þessi rannsókn var gerð.

Rannsóknarspurningar þessarar ritgerðar eru því eftirfarandi: Hvernig lýsir viðhorfið til íslenskrar kvennaknattspyrnu sér í fjölmiðlum og innan KSÍ? Hvernig hefur orðræða og umfjöllun breyst í gegnum árin? Einnig verður rannsakað hvaða samfélagslegu viðhorf það eru sem valda þeim breytingum.

Tilgáta mín er að á fyrstu árum kvennaknattspyrnu á Íslandi hafi viðhorf gagnvart greininni almennt verið jákvæð og megi tengja það við samfélagsbreytingar þess tíma t.d. þær samfélagsbreytingar sem kenndar hafa verið við '68-kynslóðina, og felast í stuttu máli í meira frjálslyndi, sérstaklega meðal ungs fólks, og ríkari vitund og meiri stuðning við félagslegt réttlæti, umhverfisvernd og friðarstefnu. Eftir nokkur góð byrjunarár tók við hnignunartímabil og íslenska kvennalandsliðið var meðal annars lagt niður á tímabili. Seinna var ákveðið að byggja kvennaboltann aftur upp. Það er áhugavert að velta fyrir sér hvers vegna þessi hnignun varð og hvaðan þrýstingurinn kom um að byggja aftur upp kvennaknattspyrnu. Í kjölfar uppbyggingarinnar hófst svo velgengnistímabil, og tel ég að í kjölfarið megi greina aukna jákvæðni gagnvart kvennaknattspyrnu.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna og greina viðhorf til kvennaknattspyrnu á Íslandi. Ársskýrslur og fundargerðir KSÍ verða skoðaðar til þess að greina afstöðu innan KSÍ. Til þess að rannsaka fjölmiðlana þarf bæði að skoða hlutverk fjölmiðla og áhrif, og svo umræðu í dagblöðum, sérstaklega á íþróttasíðum.

Í rannsókninni verður farið yfir helstu atburði og tímamót í sögu kvennaknattspyrnunnar til greiningar og kortlagningar á stöðu þekkingar. Meginkaflarnir eru

þrír, um KSÍ, fjölmiðla og orðræðugreiningu. Í kaflanum um KSÍ er farið yfir áhrif formanna KSÍ á framgang og viðhorf til kvennaknattspyrnu og farið yfir þá gagnrýni sem KSÍ hefur fengið, þá sérstaklega á seinni árum. Kaflinn endar á umfjöllun um framboð Höllu Gunnarsdóttur til formanns KSÍ árið 2007, sem var ákveðin ögrun gagnvart því karlaveldi sem KSÍ er. Í fjölmiðlakafnanum er farið yfir þær tölur sem til eru um hlutfall á milli íþróttافرétta og knattspyrnufrétta um karla og konur, viðbrögð íþróttافرéttamanna við þeim tölum og hvort áhrif kveníþróttافرéttamanna séu einhver. Í síðasta kaflanum er lögð áhersla á orðræðugreiningu. Þar eru greind þau viðhorf sem birtast í dagblöðum og kannað hvernig orðræðan breytist. Í lokin er svo farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar.

# 1. Aðferðafræði og kenningar

## 1.1 Staða þekkingar

Um íslenska knattspyrnu hefur ýmislegt verið skrifað. Árið 1997 kom úr bókin *Knattspyrna í heila öld 1895-1996*<sup>1</sup> eftir Víði Sigurðsson og Sigurð Á. Friðþjófsson en þar er farið yfir sögu knattspyrnunnar á Íslandi frá árinu 1895 eða í heilda öld. Bókin var gefin út í tilefni af 50 ára afmæli Knattspyrnusambands Íslands. Árið 1981 kom út bókin *Íslensk knattspyrna '81*<sup>2</sup> sem Sigurður Sverrisson ritstýrði, næstu bók ritstýrðu Sigurður og Víðir Sigurðsson saman en eftir það hefur Víðir séð um að ritstýra þessum bókum árlega. Upphaflega var lítil áhersla á kvennaknattspyrnu í bókunum, en það hefur verið að aukast. Það er þó langt frá því að vera jafnt. Árið 2002 kom meðal annars út ritdómur um bókina *Íslensk knattspyrna 2001*<sup>3</sup> eftir þá Arnar Gíslason og Guðna Rúnar Gíslason í blaðinu *Veru*. Þar kemur fram að efstu deild karla og kvenna eru ekki gerð jafn góð skil og munur í umfjöllun verður ekki útskýrður eingöngu með því að um færri kvennalið sé að ræða, en þá voru átta lið í efstu deild kvenna en tíu í efstu deild karla. Umfjöllun um efstu deild karla er um 46 síður, en einungis eru 10 síður um efstu deild kvenna.<sup>4</sup> Ef *Íslensk knattspyrna 2007*<sup>5</sup> er skoðuð er umfjöllunin um efstu deild karla 50 síður, en 16 síður um efstu deild kvenna. Þess má geta að árið 2007 voru liðin í efstu deild kvenna níu, en enn tíu í efstu deild karla.

Fleiri bækur hafa verið gefnar út um íslenska knattspyrnu eins og *Bikardraumar. Saga bikarkeppninnar í knattspyrnu í hálfa öld*,<sup>6</sup> og *100 ára saga Íslandsmótsins í knattspyrnu*<sup>7</sup> sem kom út í tveimur bindum, en þar er ekkert minnst á kvennaknattspyrnu. Íslensk íþróttafélög eru jafnan dugleg við að gefa út bækur í tilefni stórafmæla íþróttafélaganna. Mismikil áhersla er á þátttöku kvenna í þeim ritum, en félögin hafa líka lagt mismikla áherslu á kvennaíþróttir yfir höfuð.

Um íþróttaiðkun kvenna á Íslandi hefur lítið verið skrifað, þó eru til nokkur lokaverkefni sem tengjast efninu. Árið 2011 skrifaði Hafdís Erla Hafsteinsdóttir BA-ritgerð í sagnfræði um upphaf kvennaíþróttar á Íslandi.<sup>8</sup> Til eru nokkur lokaverkefni í íþróttfræðum á

---

<sup>1</sup> Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Íslensk knattspyrna í heila öld*.

<sup>2</sup> Sigurður Sverrisson, *Íslensk knattspyrna '81*. Reykjavík 1981.

<sup>3</sup> Víðir Sigurðsson, *Íslensk knattspyrna 2001*. Reykjavík 2001.

<sup>4</sup> Arnar Gíslason og Guðni Rúnar Gíslason, „Íslensk knattspyrna“ Bls. 71.

<sup>5</sup> Víðir Sigurðsson, *Íslensk knattspyrna 2007*. Reykjavík 2007.

<sup>6</sup> Skapti Hallgrímsson, *Bikardraumar. Saga bikarkeppninnar í knattspyrnu í hálfa öld*. Reykjavík 2009.

<sup>7</sup> Sigmundur Ó. Steinarsson, *100 ára saga Íslandsmótsins í knattspyrnu*. Reykjavík 2011.

<sup>8</sup> Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hitt kynið“: Kvennaíþróttir, feðraveldi og þjóðernishyggja, 1900-1964.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2011.

háskólastigi um íslenska kvennaknattspyrnu (en að öðru leyti er það einnig lítið rannsakað efni). Þar má nefna að Kristín Eva Bjarnadóttir skrifaði árið 2010 lokaverkefnið „Íslensk kvennaknattspyrna fyrstu árin.“<sup>9</sup> Karítas Þórarinsdóttir greindi orðræðu fjölmiðla í þremur A landsleikjum karla og þremur A landsleikjum kvenna og bar hana saman, í lokaverkefni sínu „Orðræða fjölmiðla og íslenskra A-landsliðsleikmanna um kvenna- og karlaknattspyrnu.“<sup>10</sup> Þá ber að nefna BA-ritgerð Bjargar Magnúsdóttur „Standast kenningar um staðalmyndir kynja, femínisma og klámvæðingu þankagang nútímans? Dýr ferð fjármálastjóra KSÍ á nektardansstað: Umræða spegluð í kenningum“<sup>11</sup> í kjölfar ferðar fjármálastjóra KSÍ á nektardansstað. Allt eru þetta ritgerðir eða lokaverkefni, skrifaðar á árunum 2010-2012.

## 1.2 Kynjafræðilegt sjónarhorn og kyngervi

Með kynjafræðilegu sjónarhorni er átt við að það þurfi að huga að öðru sjónarhorni en hinu karllæga sem sagan hefur oftast verið skrifuð frá. Hægt er að beita mismunandi aðferðum við að rýna efni með aðferðum kynjafræðinnar, en tilgangurinn er að skoða söguna frá öðru sjónarhorni og þannig afla þekkingar sem að áður var falin.

Í daglegu tali er talað um karlaknattspyrnu einfaldlega sem „knattspyrnu“ – þar með yfirtekur hin karllæga hlið merkingu orðsins og þetta sýnir hversu mikil áhersla er á karlaknattspyrnu. Hið karllæga sjónarhorn knattspyrnunnar er nokkuð áberandi, stjórn Knattspyrnusambands Íslands er nánast einvörðungu skipuð körlum og þegar bækur um íslenska knattspyrnu eru skoðaðar eru þær að miklum meirihluta um karlaknattspyrnu, þó það hafi breyst eitthvað á síðustu árum. Um karlaknattspyrnu hefur mun meira verið skrifað en kvennaknattspyrnu og því einblínir þessi ritgerð á kvennaknattspyrnu.

Til þess að geta skoðað söguna frá hinu kynjafræðilega sjónarhorni er gott að notast við kyngervi sem greiningartæki. Kyn er hið líffræðilega kyn en kyngervi er hið félagslega og menningarlega mótaða kyn sem samfélagið tengir við hið líffræðilega kyn, það er að segja hugmyndir um hvernig stelpur og strákar eiga að vera, hvað er karlmannlegt og hvað er

---

<sup>9</sup> Kristín Eva Bjarnadóttir, „Íslensk kvennaknattspyrna fyrstu árin.“ Lokaverkefni til B.Ed.-gráðu lokaverkefni í íþróttافرæði við Háskóla Íslands 2010.

<sup>10</sup> Karítas Þórarinsdóttir, „Orðræða fjölmiðla og íslenskra A-landsliðsleikmanna um kvenna- og karlaknattspyrnu.“ Lokaverkefni til B.Ed.-gráðu í íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild við Háskóla Íslands 2012.

<sup>11</sup> Björg Magnúsdóttir, „Standast kenningar um staðalmyndir kynja, femínisma og klámvæðingu þankagang nútímans? Dýr ferð fjármálastjóra KSÍ á nektardansstað: Umræða spegluð í kenningum.“ B.A.- ritgerð í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands 2010.



kvenlegt og svo framvegis. Í íslensku samfélagi er strax byrjað að aðgreina kynin á fæðingardeildinni með bláum og bleikum litum. Það fer síðan eftir tíðarandanum og hverju samfélagi fyrir sig hvað er talið vera karlmannlegt og hvað kvenlegt.

Fyrst var kyngervi einkum notað á lýsandi hátt en árið 1986 notaði Joan W. Scott kyngervið sem greiningartæki í grein sinni „Gender: A Useful Category of Historical Analysis“, sem hefur haft gífurleg áhrif á þá sagnfræðinga sem skrifa sögu frá öðru sjónarhorni en því karllæga. Hugtakið kyngervi lýsir hinu félagslega mótaða kyni, og er notað til aðgreiningar frá hinu líffræðilega kyni.<sup>12</sup> Sem greiningartæki tekur kyngervi til þátta sem hið líffræðilega kyn nær ekki yfir, að mati þeirra sem aðhyllast ekki svokallaða „eðlishyggju“, þ.e.a.s. þá afstöðu að líffræðilegt kyn sé ráðandi í því hvernig kynin hegða sér í samfélaginu. Fræðimenn og leikmenn sem eru líklegir til að nota hugtakið kyngervi (jafnt sem lýsandi og greinandi hugtak) hafa þá afstöðu að „félagsmótun“, þ.e.a.s. áhrif samfélagsins og mismunandi skilaboð þess til kynjanna, sé ráðandi þáttur þegar kemur að því að útskýra hvers vegna kynin og staða þeirra í samfélaginu, eru ólík. Hugmyndir samfélagsins endurspeglast í ráðandi viðhorfum og umræðu, t.d. í viðhorfi fjölmiðla, og hugmyndir knattspyrnu-samfélagsins endurspeglast því t.d. í viðhorfi KSÍ til kvennaknattspyrnu. Með því að vera meðvituð um hið félagslega mótaða kyn er hægt að skoða og greina þessar hugmyndir, hugmyndir samfélagsins um konur og knattspyrnu og þá sérstaklega hugmyndir karla.

Í þessari rannsókn verður notast við þá skilgreiningu á hugtakinu *kyngervi* sem Erla Hulda Halldórsdóttir notar í doktorsritgerð sinni *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903*. Hún hljómar svo:

Í þessari rannsókn er litið á kyngervi sem félagslega og menningarlega mótaðar hugmyndir um kyn, karlmennsku, og kvenleika og tengslin þar á milli. Þessar hugmyndir geta bæði birst í orðræðu fólks en einnig holdgervst í hegðun eða framkomu sem oftast er þá álitin eðlislæg konum eða körlum. Kyngervi mótast í gagnvirku sambandi stofnana, samfélags og þegna án þess þó að verða fast og óumbreytanlegt heldur tekur það breytingum í tíma og rúmi. Kyngervi er því skoðað sem orðræða.<sup>13</sup>

---

<sup>12</sup> Scott, Joan Wallach, *Gender and the politics of history*, bls. 1-11.

<sup>13</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 56.

### 1.3 Orðræðugreining

Í þessari rannsókn verður aðallega notast við orðræðu eins og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson útskýrir hana í grein sinni „Leitað að mótsögnum“. Notast verður við hugtökin orðræðu (e. discourse) og þrástef (e. discursive theme) en orðræða er byggð upp af orðum, hugmyndum og athöfnum og eru þrástef hluti af orðræðu. Þrástef er það sem er sífellt verið að tónglast á í umræðu um það efni sem rannsóknin beinist að, og verður því rauður þráður í efninu sem er tekið fyrir<sup>14</sup>. Með því að greina þrástefin er hægt að skoða hvaða skilaboð er verið að gefa með ákveðinni orðræðu. Með því að flokka þrástefin í jákvæð eða neikvæð er hægt að sjá hver skilaboðin eiga að vera. Dæmi um jákvæð þrástef í íþróttaumfjöllun er til dæmis að segja að íslensk kvennaknattspyrna sé á uppleið, í sókn og svo framvegis en neikvæð þrástef geta verið ummæli um að íslensk kvennaknattspyrna sé á niðurleið, óspennandi og ójöfn. Síðar í ritgerðinni verða rakin dæmi um bæði jákvæð og neikvæð þrástef af þessum toga.

Til að greina orðræðu um kvennaknattspyrnu í fjölmiðlum var valin sú leið að nota leitarorðin *kvennaknattspyrna* og *kvennaknattspyrnu* við netleit á vefsíðunni timarit.is, til þess að leita að almennri umræðu um kvennaknattspyrnu og greina þær fréttir. Áhersla var lögð á þær fréttir þar sem almennt var fjallað um kvennaknattspyrnu, en ekki lýsingar á einstökum leikjum. Helstu blöð tímabilsins voru valin, en tímaritsgreinar ekki teknar með. Eftirfarandi blöð voru lesin: *Morgunblaðið*, *Þjóðviljinn*, *Alþýðublaðið*, *Dagblaðið*, *Vísir*, *Dagblaðið Vísir*, *Tíminn*, *Dagur* og *Fréttablaðið*. Rannsóknartímabilið náði frá upphafi kvennaknattspyrnunnar, árið 1970 til ársins 2007.

---

<sup>14</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Leitað að mótsögnum“, bls. 179-181.

## 2. Bakgrunnskafli

### 2.1 Saga kvennaknattspyrnunnar á Íslandi í grófum dráttum

Þó að íslensk kvennaknattspyrna hæfist ekki með skipulögðum hætti fyrr en 1970, þá eru tvö þekkt dæmi um að stúlkur hafi safnast saman og æft knattspyrnu með skipulögðum hætti undir formerkjum knattspyrnufélags. Bæði dæmin eru frá miðjum öðrum áratugi síðustu aldar. Fótboltafélagið Hvöt var stofnað á Ísafirði, líklegast um 1914, af stúlkum sem var meinað að verða félagar í Fótboltafélagi Ísfirðinga. Flestar stúlkur bæjarins æfðu með Hvöt og starfaði félagið í 2-3 ár.<sup>15</sup>

Á svipuðum tíma, eða árið 1915, tóku nokkrar stelpur í Reykjavík sig saman og fóru að æfa knattspyrnu hjá Víkingi. Aðstæður voru góðar og æfðu þær á nýja Melavellinum og var strákum meinaður aðgangur að honum á meðan. Í viðtali við Ásthildi Jósefsdóttur Bernhöft, í 65 ára afmælisblaði Víkings, rifjar hún upp hvernig þetta var á sínum tíma. Meðal annars segir hún að strákarnir hafi laumast til þess að fylgjast með þeim undir grindverkinu hjá Melavellinum og hafi gert grín af stelpunum. Æfingar stóðu yfir í um 3-4 mánuði en þá fór að fækka í hópnum. Það voru nefnilega ekki allir sáttir við að stúlkur væru að æfa knattspyrnu og sögusagnir höfðu farið á kreik um að það væri óhollt fyrir stúlkur að leika knattspyrnu. Meðal annars áttu þær á hættu að fá „stórar lappir“ við að leika knattspyrnu sem stúlkurnar óttuðust mikið, því margar þeirra æfðu dans. Auk þess voru sögusagnir um að þær myndu ekki getað eignast börn ef þær æfðu knattspyrnu.<sup>16</sup> Eftir að þessir tilburðir fjöruðu út á stuttum tíma, þá spiluðu stelpur almennt ekki knattspyrnu nema einstakar stelpur sem spiluðu með strákum. Þó eru dæmi um að einhverjar hafi æft með yngri flokkum stráka og jafnvel spilað með þeim.<sup>17</sup>

Það var ekki fyrr en árið 1968 sem að kvennaknattspyrnan fór að ryðja sér til rúms á nýjan leik. Það hófst með því að nokkrar handboltastelpur bæði í Fram og KR höfðu spilað fótbolta í nokkur sumur en árið 1968 hófu þær að spila óformlega leiki sín á milli. Áhugavert er að setja þetta í samhengi við samfélagsbreytingar tengdar '68 kynslóðinni og það aukna frjálsræði sem henni fylgdi. Á þessum tíma var bylgja nýrrar kvenréttindabaráttu byrjuð að rísa, og meðal fyrstu vísbendinga um að nýjar og frjálslegri hugmyndir um kynhlutverk væru

---

<sup>15</sup> Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Knattspyrna í heila öld*, bls. 57 & *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, bls. 89-90.

<sup>16</sup> Ágúst Ingi Jónsson, *Áfram Víkingur*, bls. 18-19.

<sup>17</sup> *Dagur*, 13. janúar 1987, bls. 2.

að ryðja sér rúms var stofnun hóps ungra kvenna sem nefndu sig Úur, eins og má lesa um í bók Sigríðar Th. Erlendsdóttur um sögu Kvenréttindafélags Íslands.<sup>18</sup>

Fyrsti opinberi kvinnaknattspyrnuleikurinn á Íslandi var þegar lið Keflavíkur keppti á móti liði Reykjavíkur árið 1970 á Laugardalsvelli. Leikur þeirra var upphitun fyrir landsleik íslenska karlalandsliðsins. Innan KSÍ var áhersla á að koma kvinnaknattspyrnunni af stað og það kemur fram í ársskýrslu Knattspyrnusambands Íslands 1970 að Albert Guðmundsson, þáverandi formaður KSÍ, hafi „lýst trú sinni á kvinnaknattspyrnu og þýðingu þess, að Ísland yrði ekki aftur úr í þessu efni, því þarna væru allar þjóðir svo til á byrjunarstigi.“<sup>19</sup>

Eftir þetta var mikill uppgangur í kvinnaknattspyrnu. Fyrsta Íslandsmótið var haldið 1971 og bættust mörg lið við fyrstu árin. Árið 1974 voru kvinnaliðin orðin ellefu sem tóku þátt á Íslandsmótinu, en þá tók við ákveðin niðursveifla. Liðunum fækkaði ört og voru ekki nema fjögur til fimm á árunum 1976–1979 og árið 1980 voru þau einungis þrjú.<sup>20</sup> Hugsanlega má skýra þessa fækkun liða útaf áhugaleysi knattspyrnufélaga á kvinnaknattspyrnunni.

Á þessum tíma var mikill munur á aðgengi og aðstöðu kvenna og karla að knattspyrnunni. Konurnar fengu sjaldnast aðgengi að grasvöllum og æfingartímar voru á óheppilegum tímum eins og seint á kvöldin þegar að karlarnir voru búnir að æfa.<sup>21</sup> Einnig voru engir yngri flokkar til í kvinnaknattspyrnunni og þar af leiðandi ekkert uppbyggingarstarf í gangi. Auk þess sýndu íþróttafélögin mismikinn áhuga á því að taka þátt í kvinnaknattspyrnunni og dæmi eru um að íþróttafélög hafi hætt að senda kvinnalið á Íslandsmeistaramótið, í andstöðu við stúlkurnar í liðinu. Það gerðist meðal annars hjá Fram árið 1980 og síðar hjá Fylki og Víkingi, þegar stúlkunum hafði gengið „of vel“ og liðið komist upp í fyrstu deild.<sup>22</sup> Við það fjölgaði lengri ferðalögum liðsins og jókst þá kostnaður félaganna. Þá kusu félögin að leggja frekar kvinnaliðin niður en að mæta þeim auknum útgjöldum fylgdu því að starfrækja félag í efstu deild.

Endurreisnin hófst svo árið 1981 eftir að botninum hafði verið náð árið 1980, þegar einungis þrjú lið voru skráð á Íslandsmótið. Liðunum fjölgaði þá á Íslandsmótinu, þar á meðal

---

<sup>18</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 343-353.

<sup>19</sup> *Ársskýrsla KSÍ 1971*, bls. 10.

<sup>20</sup> Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Knattspyrna í heila öld*, bls. 240.

<sup>21</sup> Áhugavert er að benda á það að það er einungis núna uppá síðkastið að stúlkum er gefinn aðgangur að jafn góðum æfingartímum og stráku. Í úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaga Reykjavíkur frá árinu 2011 segir að ekki virðist sem stúlkum og drengjum sé mismunað þegar kemur að úthlutun æfingartíma, en þó er stundum erfitt að gera samanburð.  
[http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr\\_tindaskrifstofa/skjol/ttek\\_lokaskjal.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr_tindaskrifstofa/skjol/ttek_lokaskjal.pdf), sótt 9. maí 2013.

<sup>22</sup> Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Knattspyrna í heila öld*, bls. 241.

voru nokkur sem tóku þátt í fyrsta sinn. Eftir það óx fjöldi liða jafnt og þétt á Íslandsmótinu.<sup>23</sup> Árið 2007 voru skráð 24 lið á Íslandsmóti kvenna.<sup>24</sup>

Áherslan og áhugi hefur því greinilega verið lítill á kvennaknattspyrnu á fyrstu árum hennar. Knattspyrnuíðkun kvenna var íþróttafélögunum að meinalausu, þangað til greinin fór að kalla á aukin útgjöld. Þá kemur áhugaleysi íþróttafélaganna á framgangi greinarinnar bersýnilega í ljós.

## 2.2 Íslenska kvennalandsliðið

Íslenska kvennalandsliðið var stofnað árið 1981 og spilaði sinn fyrsta landsleik gegn Skotum. Þeim leik lauk með 3-2 tapi, en í fjölmiðlum var tapinu kennt um að á Íslandi spiluðu konurnar styttri leiki og væru því ekki vanar svona löngum leikjum. Þær komust í 2-1, en fengu á sig tvö mörk í lokin. Farið verður nánar út í af hverju íslensku stelpurnar spiluðu styttri leiki í næsta kafla. Leikurinn sýndi engu að síður að liðið var tilbúið að keppa á erlendri grundu og því gaf leikurinn kvennaknattspyrnunni byr undir báða vængi.

Ári síðar tók íslenskt kvennalandslið í fyrsta skipti þátt í Evrópukeppni og lenti í sterkum riðli. Liðið kom samt öllum á óvart í sínum fyrsta leik og gerði jafntefli við Noreg 2-2 á útivelli. Við þetta jafntefli myndaðist ákveðin bjartsýni um velgengni, en sú varð ekki raunin og tapaði liðið öllum sínum leikjum í framhaldinu, með markatölunni 0-17.

Eftir þessa frumraun á Evrópukeppninni árið 1984 sagði Ellert B. Schram, þá formaður KSÍ, að það væri of kostnaðarsamt að senda liðið í svona keppnir. Í kjölfarið var hætt við að senda liðið á næstu Evrópukeppni. Enn og aftur kemur forgangsróðunin í ljós, um leið og harðnar í ári og stjórnendur (á við bæði KSÍ og íþróttafélögin) sjá fram á að fjármunir sem fari í kvennaknattspyrnu gætu haft áhrif á hversu mikið fé rennur til karlanna, þá er strax skorið niður hjá kvennaliðum.

Á næstu árum voru nokkrir kvennalandsleikir spilaðir á ári þangað til árið 1987 en þá var kvennalandsliðið lagt niður í um fimm ár – það er að segja, félagið var að vísu ekki lagt niður formlega, en því voru ekki fundin nein verkefni þrátt fyrir fyrirheit forystumanna KSÍ um annað. Þetta hafði mikil áhrif á þær konur sem æfðu knattspyrnu. Þær lásu úr þessu að þær væru ekki jafn mikilvægar og karlarnir og að það væri minni virðing borin fyrir þeim en

<sup>23</sup> Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Knattspyrna í heila öld*, bls. 241-243.

<sup>24</sup> Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Íslensk knattspyrna 2007*, bls. 121-131.

körlunum.<sup>25</sup> Landsliðið var svo endurvakið árið 1992 þegar Eggert Magnússon var orðinn formaður.

Landsliðið byrjaði endurreisnina með því að taka þátt í Evrópukeppninni 1992 og vann þar sinn fyrsta leik í Evrópukeppni á móti Skotum, 2-1. Leikárið 1993-1994 tók svo liðið aftur þátt í Evrópukeppninni og vann sinn riðill með fullt hús stiga og komst í 8-liða úrslit. Þar lenti liðið á móti Englandi, en tapaði báðum leikjunum 2-1. Ásta B. Gunnlaugsdóttir varð það ár knattspyrnumaður ársins hjá KSÍ, fyrsta og eina konan sem hefur hlotnast sá titill, því árið 1997 var farið að kjósa um knattspyrnukonu ársins. Framgangur íslenskra knattspyrnukvenna hélt áfram og árið 2001 urðu tvær knattspyrnukonur atvinnumenn í Bandaríkjunum, þær Rakel Ögmundsdóttir og Margrét Ólafsdóttir. Árið 2008 voru konurnar orðnar tíu í atvinnumennsku.

---

<sup>25</sup> *Morgunblaðið*, 10. september 1989, bls. C 35.

### 3. Knattspyrnusamband Íslands

#### 3.1 Albert Guðmundsson („faðir kvennaknattspyrnunnar“) & Ellert B. Schram

Það er áhugavert að skoða hvaða áhrif hugmyndirinnar Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) hafa haft á kvennaknattspyrnu á Íslandi í gegnum tíðina. Það hefur verið mismikill áhugi innan raða KSÍ á kvennaknattspyrnunni og því er sérstaklega áhugavert að skoða hvort mismunandi áherslur formanna KSÍ hafa haft áhrif á stefnu sambandsins. Það voru ekki bara samfélagsbreytingar sjöunda áratugarins og það aukna frjálsræði sem er kennt við '68 kynslóðina sem varð til þess að fyrsti kvennaknattspyrnuleikurinn átti sér stað, heldur var einnig sama ár kjörinn nýr formaður KSÍ. Albert Guðmundsson, sem var fyrsti íslenski atvinnumaðurinn í knattspyrnu, tók við formennsku KSÍ af Björgvini Schram, sem hafði verið formaður frá 1954. Nýjum formönnum fylgja alltaf nýjar áherslur og það varð augljós stefnubreyting í tíð Alberts. En einnig skiptir máli að Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) og Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) voru byrjuð að veita kvennaknattspyrnunni meiri athygli.

Ný stjórn KSÍ hafði mikinn áhuga á því að koma af stað skipulagðri iðkun kvennaknattspyrnu hér á landi. Meðal annars kom fram í ársskýrslu KSÍ 1970, vilji til þess að „Ísland yrði ekki aftur úr í þessu efni, því þarna væru allar þjóðir svo til á byrjunarstigi. Og varpaði formaðurinn fram þeirri hugmynd, að stofnuð yrðu kvennalið í stærstu bæjum landsins og síðan mynduð opinber keppni fyrir liðin þegar á sumri komandi.“<sup>26</sup> Þarna taldi Albert mikilvægt að dragast ekki aftur úr þróuninni og vildi strax koma af stað skipulagðri kvennaknattspyrnu á Íslandi.

Árið 1971 var samþykkt á 25. ársþingi KSÍ að setja iðkun kvennaknattspyrnu á stefnuskrá félagsins. Þar segir meðal annars: „Kvennaknattspyrnan er ein af þeim fáum íþróttum, sem Íslendingar geta staðið jafnfætis við aðrar þjóðir, ef áhugi félaganna er fyrir hendi ... og því fyrr sem byrjað er fyrir alvöru iðkun kvennaknattspyrnu hér á landi, því meiri möguleika höfum við til að standa okkur í keppni við erlendar þjóðir, því hjá flestum þjóðum er kvennaknattspyrnan á byrjunarstigi.“<sup>27</sup>

Þó að Knattspyrnusambandið hrósi sér þetta ár fyrir að hafa tekið kvennaknattspyrnu á stefnuskrá sína er áhugavert að skoða viðhorfið til kvennaknattspyrnunnar, því á sama

---

<sup>26</sup> Ársskýrsla KSÍ 1970, bls. 10.

<sup>27</sup> Ársskýrsla KSÍ 1971, bls. 10.

ársþingi var ákveðið að konur myndu einungis fá að spila í strigaskóm, en ekki í takkaskóm. Með því voru konurnar strax aðgreindar frá körlunum og settar á sama stall og drengir í 5. flokki. Einnig voru leikreglurnar hjá konunum öðruvísi en hjá körlunum og meðal annars voru hornspyrnur teknar frá vítalínu og leiktíminn ekki nema 2x30 mín.<sup>28</sup> Leiktíminn var ekki lengdur í 2x45 mín fyrr en árið 1993 en hafði verið lengdur í áföngum þangað til.

En af hverju voru konurnar á Íslandi að spila styttri leiki en karlarnir? Að öllum líkindum er slíkt fyrirkomulag sprottið úr hugmyndum sem byggja á eðlishyggju um náttúrulegan mun á líkamlegri getu karla og kvenna, nánar tiltekið að konur séu líkamlega of veikbyggðar til þess að stunda keppnisíþróttir af sama krafti og karlar. Að þær séu veikara kynið, þoli ekki sama álag og búi ekki yfir sömu getu og karlarnir. Einnig geta hugmyndir um hvað er kvenlegt og karlmannlegt spilað inní. Til eru allnokkur dæmi um að viðhorf sem þessi hafi orðið þess valdandi að konum var jafnvel bannað að taka þátt í ákveðnum greinum. Í bók sinni, *Sporting females*, segir Jennifer Hargreaves að konur hafi verið kerfisbundið útilokaðar frá keppnisgreinum á Ólympíuleikum þar sem reyndi á úthald og styrk í meira mæli en „kvenlegt“ gat talist. Dæmi um þetta eru t.d. langhlaup, stangarstökk og lyftingar.<sup>29</sup> Til dæmis var ítrekað reynt að fá Alþjóða Ólympíunefndina til að leyfa 3000 metra langhlaup í kvennaflokki, en nefndin hafnaði því fyrir Ólympíuleikana í Moskvu 1980 á þeim forsendum að það væri of erfið vegalengd fyrir konur og gæti hreinlega haft skaðleg áhrif á efnaskipti í líkama þeirra. Þessi rök héldu ekki vatni og vegalengdin var leyfð í kvennaflokki á Ólympíuleikunum fjórum árum síðar (en á sama tíma var konum einnig leyft að keppa í maraþoni á Ólympíuleikum)<sup>30</sup>.

Líklegt er að það hafi verið viðhorf á borð við þessi sem urðu til þess að íslensku knattspyrnukonurnar voru látnar spila eftir „léttari“ leikreglum, til dæmis styttri leiki. Þessar hugmyndir komu hins vegar í bakið á KSÍ og voru afsannaðar í fyrsta landsleiknum gegn Skotlandi, eins og fram hefur komið. Stelpurnar frá Skotlandi voru þaulvanar því að spila 90 mínútna leiki. Íslenska liðið tapaði leiknum 2-3 eftir að hafa komist yfir 2-1, því þær voru örmagna, enda höfðu þær aldrei spilað svona langan leik.

Það er svo eins og áhuginn hafi dalað hjá KSÍ á árunum 1973-1981 og hugsanlega má tengja það við að nýr formaður, Ellert B. Schram, sonur Björgvins Schram, tók við formennsku árið 1973. Eftir að Ellert tók við er nánast ekkert fjallað um kvennknattspyrnu í

<sup>28</sup> *Þinggerð KSÍ 1971*, bls. 15-16.

<sup>29</sup> Hargreaves, Jennifer. *Sporting females*, bls. 216-217.

<sup>30</sup> Hargreaves, Jennifer. *Sporting females*, bls. 217.



gögnum og skjölum Knattspyrnusambandsins til ársins 1981, en í valdatíð Alberts hafði verið töluverð áhersla á kvennaknattspyrnu eins og lesa má í skýrslum frá ársþingum í hans tíð. Ekkert var fjallað um kvennaknattspyrnu á ársþingum KSÍ fyrr en í þinggerð ársins 1981, þar sem kvennaknattspyrnan fær sinn sess innan veggja KSÍ. Þá fór boltinn aftur að rúlla.

Í ársbyrjun 1981 var skipuð sérstök kvennanefnd á vegum KSÍ sem átti að fjalla um málefni kvennaknattspyrnunnar, en innan KSÍ eru fjölmargar nefndir sem eiga að sjá um tiltekin verkefni. Formaður nefndarinnar var Gunnar Sigurðsson, en einnig sátu í nefndinni Svanfríður Guðjónsdóttir og Sigurður Hannesson. Meðal fyrstu verka nefndarinnar var að koma af stað bikarkeppni, stofnun Íslandsmóts yngri flokka kvenna og finna verkefni fyrir endurstofnað kvennalandslið, sem komið var á laggirnar síðar um sumarið. Einnig skrifaði nefndin aðildarfélögum KSÍ bréf þar sem hún hvatti þau félög sem ekki höfðu stofnað kvennadeild í knattspyrnu til að gera það sem allra fyrst. Lokaorð kvennanefndar KSÍ í þinggerðinni 1981 voru á þann veg að „kvennaknattspyrna á Íslandi er búin að sýna hvers hún er megnug og þess vegna treystum við því að hin ýmsu félög sem hafa knattspyrnu á stefnuskrá sinni geri meira fyrir kvennaknattspyrnu.“<sup>31</sup> Í þinggerðum frá árunum 1982 og 1983 voru skýrslur nefndarinnar áfram á jákvæðu nótunum og bjartsýnin skein í gegn eins og má sjá í lokaorðum í þinggerðinni frá árinu 1983:

Með leikjum landsliðsins, þó erfiðir hafi verið, hafa stúlkurnar öðlast dýrmæta reynslu sem vafalaust mun koma þeim til góða við næstu verkefni eins og reynslan hefur orðið með flokkaíþróttir hér á landi. Áhugi fyrir kvennaknattspyrnu hefur aukist mjög mikið, sérstaklega þrjú síðustu árin, og hafa sífellt fleiri félög orðið til þess að taka hana upp. Samtals munu nú 2200 stúlkur æfa og keppa í knattspyrnu á vegum þessara félaga.<sup>32</sup>

Árið 1984 var nefndin ekki lengur jafn bjartsýn enda ákvað stjórn KSÍ það ár að taka ekki þátt í Evrópukeppni kvennalandsliða 1985-1987. Sigurður Hannesson, sem var þjálfari landsliðsins, og Svanfríður Guðjónsdóttir sögðu sig úr kvennanefndinni í mótmælaskyni. Í kjölfarið gaf Ellert út yfirlýsingu um að kvennalandsliðið myndi fá að spila einhverja leiki og að stefnan væri sett á að koma liðinu í Norðurlandakeppnina á næstum árum. Ellert sagði meðal annars í viðtali í blaðinu *NT* 21. júlí, „að stjórn Knattspyrnusambandsins væri ljóst að mikið væri að gerast í kvennaknattspyrnunni, mikil gróska, og í mörg horn væri þar að líta.“<sup>33</sup> Þá náðust sættir við Sigurð og Svanfríði og þau drógu úrsagnir sínar til baka. Sigurður var þó

<sup>31</sup> *Ársskýrsla KSÍ 1981*, bls. 40-41.

<sup>32</sup> *Ársskýrsla KSÍ 1983*, bls. 29.

<sup>33</sup> *NT*, 21. júlí 1984, bls. 31.

alls ekki sáttur eins og mátti lesa í sömu frétt *NT*. Í viðtalinu sagði Sigurður „[þ]etta er nokkur sárabót, og við komum inn í nefndina aftur þar sem greinilegt er að um verkefni verður að ræða. Hins vegar verð ég aldrei sáttur við þá ákvörðun að taka ekki þátt í Evrópukeppninni, og hef megnustu andúð á þeirri ákvörðun sem slíkri.“<sup>34</sup> Einnig var fjallað um málið í þinggerð KSÍ það ár og þess getið að málið hefði valdið mikilli ólgu meðal þátttakenda í kvennaknattspyrnu.<sup>35</sup>

Það var greinilegt að áhugi á kvennaknattspyrnu innan KSÍ var lítill sem enginn, þrátt fyrir fögur fyrirheit. Kvinnanefndin reyndi meðal annars að finna verkefni fyrir landsliðið og undirbúningur var langt kominn fyrir leik gegn Skotum í Skotlandi, búið að fá þjálfara, velja hóp og komið upp æfingaprógram. Einungis þurfti samþykki stjórnar KSÍ fyrir verkefninu, en stjórnin felldi þá hugmynd að fara í þessa ferð með miklum meirihluta, en lofaði enn og aftur að finna verkefni á næsta ári.<sup>36</sup>

Svipað var upp á teningnum á ársþingi KSÍ 1987, en Þórmundur Bergsson, blaðamaður *Helgarpóstsins*, sagði frá þinginu í blaðinu. Strax í þingbyrjun var samþykkt að skipa nefnd sem átti að fara yfir málefni kvennaknattspyrnunnar og koma með tillögur að framtíðaráætlun. Í þinglok skilaði nefndin tillögum sínum, þar sem kvennaknattspyrnunni hafði nánast verið gert jafn hátt undir höfði og karlaknattspyrnunni. Meðal verkefna sem átti að ráðast í var að senda stúlknaðið á Norðurlandameistaramótið, skrá A-landsliðið á Evrópumeistaramótið, stofna knattspyrnskóla og efla knattspyrnu kvenna á allan hátt. Tillögurnar voru samþykktar á fundinum með miklum meirihluta og aðeins fáeinir á móti, en þegar fjárhagsáætlun sambandsins var samþykkt vantaði að fjármunir fylgdu verkefnunum.<sup>37</sup> Ekkert varð því af þessum verkefnum. Sú áætlun að taka þátt í Evrópumótinu var ekki rædd meira, stúlknaðið var ekki sent á Norðurlandameistaramótið og sú afsökun notuð að mistök hefðu átt sér stað í skráningu.<sup>38</sup> Árið 1988 átti A-landsliðið að fara í keppnisferð til Færeyja og Danmerkur, en hætt var við þá ferð viku áður en leggja átti af stað og sagt að ekki væri til nægur peningur fyrir ferðinni og kvennalandsliðið var þá lagt niður.<sup>39</sup> Fjárskortur var iðulega notaður sem afsökun fyrir aðgerðaleysi, en áhugaleysið var greinilega líka til staðar.

<sup>34</sup> *NT*, 21. júlí 1984, bls. 31.

<sup>35</sup> *Ársskýrsla KSÍ 1984*, bls. 41-42.

<sup>36</sup> *Ársskýrsla KSÍ 1984*, bls. 41-42.

<sup>37</sup> Þórmundur Bergsson, „Örlítill titringur“, bls. 39.

<sup>38</sup> *Dagblaðið Vísir – DV*, 27. júní 1988, bls. 37.

<sup>39</sup> *Dagblaðið Vísir – DV*, 21. júní 1988, bls. 19.

Sigurður Hannesson, sem var á þessum tíma orðinn framkvæmdastjóri KSÍ, sagði í viðtali við DV að stjórn KSÍ vildi frekar reyna að byggja kvennaknattspyrnuna upp frá grunni, byrja neðan frá og leggja frekar áherslu á yngra landsliðið. Nefndi hann að fjárhagsstaða KSÍ væri slæm og að það hafi verið fyrirséð að útgjöld til kvennalandsliðsins myndu fara langt fram úr fjárhagsáætlun.<sup>40</sup>

Velta má fyrir sér hver tilgangurinn hafi verið með tillögum nefndarinnar á ársþinginu 1987, fyrst öllum var ljóst að engir fjármunir væru til staðar fyrir verkefni sem tillögurnar gerðu ráð fyrir að ráðist yrði í. Aðalsteinn Örnólfsson, þjálfari A-landsliðs og unglíngalandsliðs kvenna sagði í viðtali í sömu frétt DV að það væri greinilegt að stjórn KSÍ hefði engan áhuga á því að skapa verkefni fyrir landsliðið. Aðalsteinn sagði jafnframt að hann vissi af fjárhagsvandrunum hjá sambandinu en lélegt væri að ráðast á það sem minnst væri þegar skera ætti niður.<sup>41</sup> Ingibjörg Hinriksdóttir, íþróttafréttakona, tók í sama streng og gagnrýndi að A-landslið kvenna væri lagt niður vegna fjárskorts KSÍ á sama tíma og stúlkurnar læsu um það í blöðum að það væri verið að velja í drengjalandsliðið, unglíngalandslið, U-21 árs landslið, B-landslið og A-landslið karla.<sup>42</sup> Kvennanefnd KSÍ hafði einnig áhyggjur af gangi mála eins og sjá má í ársskýrslu nefndarinnar 1987, þar sem segir: „...að kvennaknattspyrna sé nú á tímamótum og annað hvort verður KSÍ að vinna að framgangi hennar af fullum krafti eða koma á sérstakri Kvennanefnd með sjálfstæðri stjórn, hvað varðar knattspyrnu og fjármál, og að sú nefnd beri ábyrgð á öllum fjármálum.“<sup>43</sup>

### 3.2 Eggert Magnússon tekur við

Ellert B. Schram hætti sem formaður KSÍ árið 1989 og við tók nýr formaður, Eggert Magnússon. Miklar breytingar urðu á starfsemi KSÍ þegar Eggert tók við og ákveðnar áherslubreytingar. Í stefnuræðum Eggerts er mikið talað um uppbyggingarstarf í sambandi við kvennaknattspyrnuna. Meðal annars segir hann á ársþingi KSÍ 1990: „Við verðum að byggja kvennaknattspyrnu okkar markvisst upp á næstu árum og grundvöllurinn verður sú kynslóð ungra knattspyrnukvenna sem tók þátt í NM í Svíþjóð og stóð sig með þryði þar.“<sup>44</sup> Þetta varð meginþráður í öllum ræðum Eggerts. Hann var með svipaðar áherslur í ræðu sinni á ársþingi

<sup>40</sup> *Dagblaðið Vísir – DV*, 21. júní 1988, bls. 19.

<sup>41</sup> *Dagblaðið Vísir – DV*, 21. júní 1988, bls. 19.

<sup>42</sup> *Dagblaðið Vísir – DV*, 27. júní 1988, bls. 37.

<sup>43</sup> *Ársskýrsla KSÍ 1987*, bls. 53.

<sup>44</sup> *Þinggerð KSÍ 1990*, bls. 2.

KSÍ árið 1992. A-landslið kvenna hafði verið endurvakið og gekk ágætlega á Evrópumótinu sem það tók þátt í. En þráðurinn var sá sami þrátt fyrir velgengnina, það ætti að byggja kvennaknattspyrnuna rólega upp, minnka áherslu á A-landsliðið en auka áhersluna á yngri landsliðin.<sup>45</sup> Svona hafði þetta verið gert hjá körlunum.<sup>46</sup> Áherslur Eggerts breyttust lítið, þrátt fyrir að kvennalandsliðið hafi komist fyrst allra landsliða Íslands í átta liða úrslit á Evrópumóti í knattspyrnu, árið 1994. Áfram talaði hann um uppbyggingu yngri landsliða.<sup>47</sup>

Eins og sjá má er rauður þráður í ræðum Eggerts á ársþingum KSÍ jákvæðni og áhersla á uppbyggingu og yngri landsliðin. En velta má þeirri spurningu upp hvort sú áhersla hafi verið vegna þess að það væri rétta stefnan eða hvort það væri ódýrara að huga að yngri landsliðunum en A-landsliðinu. Ítarlegar verður fjallað um áherslur Eggerts í orðræðugreiningarkafnanum hér á eftir. Í ársskýrslu KSÍ árið 1990 kemur líka áhugaverð skoðun í ljós. Þar er fjallað um vanda kvennaknattspyrnunnar, en þar segir að konur séu aðeins 16% af iðkendum í knattspyrnu á Íslandi. Það sé skýrt dæmi um stöðu kvenna í knattspyrnuhreyfingunni, en konur hafi alls ekki verið nógu duglegar við að koma sér í stjórnunarstörf innan félaganna. Kvennanefnd KSÍ telur að það sé sennilega aðalástæðan fyrir lítilli þátttöku þeirra í knattspyrnu, en tekur þó fram að nokkur þátttökaukning hafi átt sér stað í kvennaknattspyrnunni á síðustu 2-3 árum.<sup>48</sup> Athyglisvert er að hér er konunum sjálfum kennt um stöðu mála, en ekki áhugaleysi karlkyns stjórnenda KSÍ og innantómum loforðum þeirra.

### 3.3 Ráðist að höfuðvígi karlmennskunnar – Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna

„Já, það má segja það, við erum ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, við erum að mæta „karlrembu“ á hæsta stigi. Þegar stelpur fara í fótbolta þá er verið að ráðast að höfuðvígi karlmennskunnar“ (Kristrún Heimisdóttir, 1991)<sup>49</sup>

Árið 1990 var blað brotið í sögu kvennaknattspyrnunnar á Íslandi þegar nokkrar áhugakonur um knattspyrnu kvenna tóku sig saman og stofnuðu Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna (HKK). Í fyrstu stjórn HKK sátu Elísabet Tómasdóttir formaður, Margrét Bragadóttir

---

<sup>45</sup> Þinggerð KSÍ 1992, bls. 6.

<sup>46</sup> Það má samt minna á að karlaliðin höfðu ekki þurft að hafa áhyggjur af því að A-landsliðið þeirra væri lagt niður í sparnaði.

<sup>47</sup> Þinggerð KSÍ 1994, bls. 6-7.

<sup>48</sup> Ársskýrsla KSÍ 1990, bls. 14.

<sup>49</sup> Skinfaxi, „Konur í knattspyrnu þurfa að berjast fyrir lífi sínu“, bls. 31.

varaformaður, Krístrún Heimisdóttir ritari, Rósa Valdimarsdóttir gjaldkeri, Concordia Konráðsdóttir, Jónína Víglundsdóttir og Arney Magnúsdóttir en Kristín Briem og Ingbjörg Hinriksdóttir voru varamenn. Markmið samtakanna voru að auka veg kvennaknattspyrnu um land allt.<sup>50</sup> Í viðtali við *Skinfaxa* árið 1991 ræddu Elísabet og Krístrún um tilgang samtakanna. Meðal þess sem kom fram var að þeim fannst almennt virðingarleysi og deyfð ríkja í málefnum kvennaknattspyrnunnar og vildu þær ráðast gegn því. Þær hefðu lengið reynt að fá karlana til þess að breyta þessu en núna væri áherslan að fjölga konum í stjórnunar- og nefndarstörfum hjá félögunum.<sup>51</sup> Því var snúið úr vörn í sókn og unnið að dómara-, þjálfara-, og fjölmiðlamálum.

Samtökin voru stofnuð því þær ætluðu sjálfar að gera eitthvað í málefnum kvennaknattspyrnunnar. Meðal annars gerðist það oft að dómara- eða línuverðir mættu ekki á leiki<sup>52</sup>, eitthvað sem gerðist ekki hjá körlunum, og sýndi þá litlu virðingu sem kvennaknattspyrnan naut innan KSÍ, að mati HKK. Einnig voru mörg jafnréttismál sem HKK þurfti að berjast fyrir, en eitt af aðalmálunum var grastakkamálið, en heimilt var að banna notkun grastakka á knattspyrnuskóm í öllum flokkum nema meistaraflokk karla. Þessu var breytt árið 1991 og reglugerðinni breytt þannig að hún gildir nú um meistaraflokka, en ekki bara meistaraflokk karla.<sup>53</sup>

### 3.4 Krónur kvennanna

Mismunandi upphæðir verðlauna er ágætt dæmi um mismunun í karla- og kvennaknattspyrnu. Nokkur atvik hafa komist í hámmæli þegar blaðamenn hafa farið að grennslast fyrir og bera saman verðlaunagreiðslur, en fyrirtæki hafa einnig nýtt sér það í auglýsingaskyni eins og Stilling gerði 1996<sup>54</sup> þegar fyrirtækið gerði samning við KSÍ til tveggja ára, um að greiða 1. deildar leikmönnum kvenna 20.000 kr. þegar leikmaður skoraði þrennu, en karlarnir fengu 100.000 krónur frá KSÍ fyrir að skora þrennu í leik.<sup>55</sup> Tvö önnur mál áttu samt eftir að fá mun meiri athygli, en það voru Landsbankadeildarmálið og dagpeningamálið.

<sup>50</sup> *Tíminn*, 1. desember 1990, bls. 27.

<sup>51</sup> *Skinfaxi*, „*Konur í knattspyrnu þurfa að berjast fyrir lífi sínu*“, bls. 32.

<sup>52</sup> *Þjóðviljinn*, 30. júlí 1982, bls. 15; *Dagblaðið Vísir - DV*, 15. ágúst 1983, bls. 21; *Dagblaðið Vísir - DV*, 15. júlí 1985, bls. 24; *Þjóðviljinn*, 13. júní 1986, bls. 15; *Þjóðviljinn*, 19. júlí 1986, bls. 6; *Morgunblaðið*, 4. september 1992, bls. 43.

<sup>53</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 23. Janúar 1992, bls. 16.

<sup>54</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 14. október 1996, bls. 28.

<sup>55</sup> KSÍ borgaði körlunum fyrir að skora þrennu, en konunum ekkert.

Landsbankadeildarmálið snérist um það að Íslandsmeistarar kvenna í knattspyrnu fengu aðeins einn fimmta þeirrar upphæðar sem karlarnir fengu í verðlaunafé og þá var farið að spyrja hvers konar skilaboð það væru til stúlkna.<sup>56</sup> Í frétt Ríkisútvarpsins í maí 2004 kom fram að karlarnir fengu eina og hálf milljón, en konurnar þrjú hundruð þúsund og ekki nóg með það heldur fengu þau lið sem féllu úr karladeildinni hálf milljón, eða tvö hundruð þúsund krónum meira en konurnar sem unnu sína deild. Í forystugrein *Morgunblaðsins* nokkrum dögum síðar var farið yfir þau rök sem voru notuð til þess að réttlæta þetta, eins og að karlar hafi verið mun lengur að spila knattspyrnu eða að íþróttahreyfingin þurfi á fjármagni að halda. En í greininni segir, að með fyrri rökunum væri hægt að viðhalda launamisrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins og þau seinni séu röng aðferð til þess að spara, frekar ættu íþróttahreyfingarnar að verja fjármunum til að jafna stöðu kynjanna innan sinna vébanda.<sup>57</sup>

Eggert Magnússon svaraði þessu nokkrum dögum seinna og byrjaði á því að skjóta til baka og sagði meðal annars:

Moggi, líttu þér nær. Ef það er stefna Morgunblaðsins að það eigi að jafna greiðslur til félaganna í Landsbankadeild karla og kvenna þá verður blaðið að byrja á að jafna sín skrif um kvennaíþróttir og karlaíþróttir. Ef það gerist og að leikjum í kvennadeildinni verða gerð betri skil í sjónvarpinu og almennt í fjölmiðlum er kannski hægt að fara að tala um að það sé hægt að fá verðmæti sem nálgast það sem gerist hjá körlunum. Það er reyndar mín skoðun að það séu fjölmiðlar sem eigi stærstan þátt í þeim mismun í verðmæti í sjónvarps- og markaðsrétti sem á sér stað í kvenna- og karlaknattspyrnu.<sup>58</sup>

Rök Eggerts voru á þá leið að í rauninni ráðist verðlaunafé af framboði, áhuga og eftirspurn. Til samanburðar nefndi Eggert einnig að það væri verið að sýna 20 leiki á ári beint í sjónvarpinu úr Landsbankadeild karla, en kannski bara einn hjá konunum og að áhorfendur á leikjum hjá körlunum væru að meðaltali um 1000 en 50-100 hjá konunum.

Málið átti eftir að draga dilk á eftir sér, en ekki fyrir Eggert, heldur fyrir Helenu Ólafsdóttur landsliðþjálfara kvennalandsliðsins. Helena gagnrýndi forystu KSÍ út af verðlaunafésmálinu seinna um sumarið í viðtali við fréttapáttinn *Kastljós*, degi fyrir kvennalandsleik Íslands og Frakklands 2. júní. Helena fór svo í viðtal hjá *Dagblaði Vísi* í desember 2004 sem bar fyriðsögnina „Fékk rýtingsstungu í bakið frá KSÍ“, í kjölfar fréttu um að samningurinn við hana yrði ekki endurnýjaður. Þar gagnrýndi hún forystu KSÍ og sagði frá

<sup>56</sup> *Morgunblaðið*, 16. maí 2004, bls. 36.

<sup>57</sup> *Morgunblaðið*, 16. maí 2004, bls. 36.

<sup>58</sup> *Morgunblaðið*, 18. maí 2004, bls. 11.

því hvað gerðist á milli hennar og þeirra eftir að hún kom fram í Kastljóspættinum. Helena sagðist hafa verið tekin á teppið og henni hafi verið rétt afsökunarbeiðni sem hún átti að lesa upp sem sína eigin eftir leikinn við Frakka, en þar sem það náðist ekki var hún birt á vef KSÍ undir hennar nafni.<sup>59</sup> Eftir Kastljóspáttinn breyttist allt, henni var meðal annars ekki lengur heilsað á skrifstofu KSÍ. Einnig segir hún í *DV* viðtalinu að áhugi Eggerts Magnússonar og félaga í forystu KSÍ á kvennaknattspyrnu væri í raun meira í orði en á borði.<sup>60</sup>

Dagpeningamálið svokallaða hófst í októberlok 2006 þegar að *Fréttablaðið* greindi frá því að leikmenn A-landsliðs karla fengju greidda dagpeninga fyrir hvern leik sem þeir spiluðu, en konurnar einungis fyrir leiki sem þær spiluðu erlendis. Dagpeningarnir væru líka talsvert hærri hjá körlunum en hjá konunum. Karlar fengju 40 þúsund krónur fyrir hvern leik, en konurnar bara 8700 krónur fyrir útileiki. Karlarnir fengju líka bónusgreiðslur, sem konurnar fengju ekki, sem næmu um 40-50 þúsund krónum á stig. Karlarnir ynnu sér því inn 40 þúsund krónur fyrir hvern leik og ef þeir sigruðu leikinn gætu þeir fengið samtals 190 þúsund krónur, á meðan konurnar fengju 8700 krónur fyrir útileik en ekkert fyrir heimaleiki, sama hver árangurinn var. Karlarnir væru með fastar greiðslur, en greiðslur kvennanna væru misjafnar. Þar á ofan væru karlarnir flestir atvinnumenn og því á launum hjá sínum félögum, en konurnar flestar starfandi við annað en knattspyrnu og þyrftu því að taka sér sumarleyfisdaga til þess að geta sinnt landsliðsverkefnum og fengju engar bætur fyrir vinnutap. Í fréttinni kom auk þess fram að íslenska karlalandsliðið væri með samninganefnd, en engin slík væri til staðar hjá kvennaliðinu.<sup>61</sup>

Stjórn KSÍ var gagnrýnd fyrir að gera ekkert í málinu eftir að það komst í hámmæli, en haft var eftir Kjartani Daníelssyni, sem var þá formaður landsliðsnefndar kvenna, að nefndin „myndi gera eitthvað“<sup>62</sup> nokkrum dögum eftir að fjallað var um málið í fjölmiðlum. Hann sagði jafnframt að það væri stjórnarfundur þá í vikunni og „þar verða þessi mál örugglega rædd“<sup>63</sup> Kjartan var síðan aftur inntur eftir svörum af *Fréttablaðinu* og kom í ljós að lítið hafði gerst í þessum málum og að „[l]andsliðsnefndin er ekkert að fara að funda með stjórn KSÍ neitt sérstaklega. Landsliðsnefndin er ekkert að fara að semja um laun leikmanna landsliðsins,“<sup>64</sup> sagði Kjartan. Þessi svör benda til þess að málið hafi ekki þótt forgangsatriði

---

<sup>59</sup> Vef. Frá Helenu Ólafsdóttur.

<sup>60</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 18. desember 2004, bls. 65.

<sup>61</sup> *Fréttablaðið*, 30. október 2006, bls. 72.

<sup>62</sup> *Fréttablaðið*, 15. nóvember 2006, bls. 98.

<sup>63</sup> *Fréttablaðið*, 15. nóvember 2006, bls. 98.

<sup>64</sup> *Fréttablaðið*, 24. nóvember 2006, bls. 95.

og ekkert gerðist fyrir en um það bil þremur mánuðum eftir þessa gagnrýni í því að jafna dagpeningagreiðslurnar. Þá voru samþykktar nýjar reglur og samkvæmt þeim fengu nú allir leikmenn fimm þúsund krónur fyrir hvern dag með A-landsliðum karla og kvenna, sem var töluverð hækkun fyrir konurnar.<sup>65</sup> Á sama fundi var ákveðið að kvennalandsliðið fengi tíu milljónir króna ef það kæmist í úrslitakeppni Evrópumótsins í Finnlandi árið 2009.<sup>66</sup> Það var ljóst að þetta skipti miklu máli fyrir þær konur sem spiluðu með landsliðinu, því að loks voru þær ekki bara metnar til jafns við karlana, heldur gátu þær líka loksins spilað með landsliðinu án þess að verða fyrir verulegri tekjuskerðingu.<sup>67</sup>

### 3.5 Nýr formaður KSÍ - Framboð Höllu Gunnarsdóttur

Árið 2007 var komið að því að kjósa á ný um formann KSÍ en Eggert Magnússon, sem hafði verið formaður í síðan 1989, ákvað að gefa ekki aftur kost á sér. Ýmislegt hafði breyst í stjórnartíð hans. Stærstu málin sem Eggert hafði unnið að voru fjárhagsstaða KSÍ, sem fór úr því að skila tapi yfir í verulegan hagnað, og bygging nýs Laugardalsvallar. Nokkur mál skyggðu þó á þennan árangur, til dæmis dagpeningsgreiðslurnar sem nefndar voru hér áður og líka sú leynd sem hvíldi yfir launum formanns KSÍ, en einungis sjö nánustu samstarfsmenn vita og ákveða laun hans. Það er samt talið að þau séu mjög há samkvæmt *Fréttablaðinu*.<sup>68</sup>

Þrjú aðilar gáfu kost á sér til formanns KSÍ, en það voru Geir Þorsteinsson, þá framkvæmdastjóri KSÍ, Halla Gunnarsdóttir, þá blaðamaður á *Morgunblaðinu*, og Jafet Ólafsson, viðskipafræðingur og fyrrum framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka. Þetta var í fyrsta sinn sem kona bauð sig fram til formanns KSÍ og skapaðist töluverð umræða um stöðu kvenna innan KSÍ í kjölfarið. Í framboðstilkynningu Höllu mátti lesa að áherslur hennar væru aðallega þær að fótbolti væri fyrir alla, en hún gagnrýndi KSÍ fyrir að standa sig ekki alltaf í þeim efnum. Knattspyrnusambandið hefði einblínt of mikið á afreksknattspyrnumenn, sem hefði komið niður á starfsemi yngri flokka um allt land. Halla gagnrýndi þá einnig hvernig staðið hefði verið að kvennaknattspyrnunni á Íslandi. Þá í fyrsta lagi hvernig kvennalandsliðið

---

<sup>65</sup> *Fréttablaðið*, 22. janúar 2007, bls. 56.

<sup>66</sup> Sem liðið komst síðan í.

<sup>67</sup> *Fréttablaðið*, 22. janúar 2007, bls. 56.

<sup>68</sup> *Fréttablaðið*, 11. janúar 2007, bls. 50.



hefði fengið lítinn stuðning og umfjöllun, þrátt fyrir mikla velgengni og í öðru lagi skiptingu verðlaunafjár á milli kvenna- og karladeildarinnar.<sup>69</sup>

Á fundi með fréttamönnum sagði Halla að kvennaknattspyrnan væri það mál sem brynni mest á henni og að það væri nóg að gera í uppbyggingu kvennaknattspyrnunnar. Þar nefndi hún einnig að mikið væri hugsað um afreksfólkið og peningahliðin hafi verið áberandi, en að formaður KSÍ verði að standa vörð um hagsmuni allra í hreyfingunni. Þá nefndi hún dæmi um þegar klippt var á beina útsendingu í bikarúrslitaleik kvenna,<sup>70</sup> og lýsti þeirri skoðun að þá ætti formaður KSÍ að blanda sér í málið. Slík dæmi væru óhugsandi ef um karlaleik hefði verið að ræða. Viðbrögðin við framboðinu voru misjöfn og Halla var reglulega spurð hvort henni væri alvara með þessu framboði þar sem hún væri lítið þekkt, bæði utan og innan KSÍ, en líka útaf því að hún væri kona. Meðal annars þurfti hún að svara spurningum í viðtölum eins og hvort hún væri tilbúin að ganga í starfið ef hún ynni.<sup>71</sup>

Kosið var þann 10. febrúar og var þá Geir Þorsteinsson kjörinn formaður KSÍ með yfirburðum. Geir fékk 86 atkvæði eða um 73% atkvæða, Jafet 29 eða 24,5% atkvæða en Halla 3 eða 2,5% atkvæða. En það var ekki bara kosið um formann á þessu ársþingi, heldur var líka gerð lagabreyting og sett inn ákvæði um jafnræði og jafnrétti í lögum:

KSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.<sup>72</sup>

Það var greinilegt að KSÍ var einhver alvara með þessa stefnu, því að ekki var stefnan bara góð og byggð á gildandi lögum og mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að, heldur þá fylgdi líka aðgerðaáætlun stefnunni. Það var því augljóst að nokkuð hafði verið lagt í vinnu stefnunnar. Meðal markmiða KSÍ var að fjölga kvendómurum, þjálfurum og konum í stjórnnum knattspyrnufélaganna, ásamt því að skipa sérstakan jafnréttisfulltrúa og jafnframt að veita jafnréttisviðurkenningu KSÍ á hverju ársþingi. Þá skyldi gæta þess að ekki væri gerður neinn greinarmunur við útteilingu æfingatíma fyrir drengi og stúlkur.

---

<sup>69</sup> Vef. Framboðstilkynning Höllu Gunnarsdóttur.

<sup>70</sup> *Morgunblaðið*, 19. janúar 2007, bls. C 2.

<sup>71</sup> Vef. Halla Gunnarsdóttir í viðtali: Tel mig eiga möguleika að ná kjöri.

<sup>72</sup> *Þinggerð KSÍ 2007*, bls. 10.

### 3.6 Áherslur formanna KSÍ

Það er áberandi þegar skýrslur KSÍ eru skoðaðar hvað áherslur formanna KSÍ hafa mikið um það að segja hversu mikill áhugi er á málefnum kvennaknattspyrnunnar innan KSÍ. Albert Guðmundsson (formaður 1968-1973) talaði mikið um að það væri mikilvægt að koma kvennaknattspyrnunni af stað og dragast ekki afturúr þeirri þróun sem var í kvennaknattspyrnu út í heimi. Samt sem áður var kvennaknattspyrnan ekki sett á sama stall og karlaknattspyrnan og aðrar reglur látnar gilda í kvennaknattspyrnu en karlaknattspyrnu, sem var ekki breytt til fulls fyrr en árið 1992. Arftaki Alberts, Ellert B. Schram (formaður 1973-1989), lagði litla áherslu á kvennaknattspyrnu og lítið gerðist í málefnum kvennaknattspyrnunnar þangað til að kvennalandsliðið var endurreist árið 1992 – en utanaðkomandi þrýstingur hefur að líkindum meira um það að segja en frumkvæði Ellerts. Það sama á reyndar við um margar breytingar innan KSÍ, oftast var þrýstingur frá fjölmiðlum eða pistlar eða bréf í fjölmiðlum frá aðilum tengdum kvennaknattspyrnunni ástæðan fyrir því að KSÍ gerði eitthvað í málefnum kvennaknattspyrnunnar.

Þegar harðnaði í ári fjárhagslega hjá KSÍ var kvennalandsliðinu strax fórnað, sem sýnir forgangsroðunina innan félagsins. Engin karlalandslið voru lögð niður, þó minni fjármunir hafi runnið til þeirra á mögru árunum. Í kringum árið 1990 voru konurnar greinilega komnar með nóg af aðgerðaleysi og áhugaleysi KSÍ og með tilkomu Hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna fór ýmislegt að gerast. Ekki einungis var kvennalandsliðið endurvakið, heldur þurfti KSÍ að fara að svara fyrir áhugaleysi sitt, sem einkenndist meðal annars af því að dómarar mættu ekki á kvennaleiki, og aðgerðaleysi KSÍ vegna slíkrar framkomu. Árið 1992 þurfti KSÍ að biðjast afsökunar á einu slíku máli, þar sem ábyrðin var öll hjá þeim og í kjölfarið hættu fréttir að rata í blöðin um að dómarar mættu ekki á leiki í kvennaknattspyrnunni. Líklegast hafa því dómarar og KSÍ tekið sig tak og sýnt kvennaknattspyrnunni aukna virðingu. Blöðin fóru líka í auknu mæli að skoða mismunandi réttindi og hlunnindi innan karla- og kvennaknattspyrnunnar og krefja KSÍ svara vegna óréttlætismála, sem sjá má t.d. á umfjöllun fjölmiðla um dagpeningagreiðslumálið og Landsbankadeildarmálið. Er þetta ágætt dæmi um þau völd sem fjölmiðlar hafa.

Knattspyrnan er þó greinilega enn mikil karlaíþrótt í huga fjölmiðla og meðlima knattspyrnuelítunnar, sem sést á viðbrögðum þeirra við framboði Höllu Gunnarsdóttur til formanns KSÍ 2007. Það er greinilegt að það var fyrst og fremst litið á hana sem konu sem ógnaði karlaveldinu innan KSÍ, en ekki sem knattspyrnuáhugamanneskju sem fer í framboð til þess að vinna að framgangi knattspyrnu. Athyglin sem staða kvenna innan knattspyrnunnar

fær í kjölfarið af atburðum eins og stofnun Hagsmunasamtaka kvennaknattspyrnunnar og framboði Höllu, skilar sér oft í einhvers konar úrbótum, þó að viðbrögð KSÍ séu yfirleitt að fara í vörn. Endurvakning kvennalandsliðsins á tímum HKK og sú jafnréttisáætlun sem var samþykkt á ársþingi KSÍ þegar Halla bauð sig fram á, sýna það.

## 4. FJÖLMIÐLAR

Hlutur fjölmiðla er mikilvægur þegar fjalla á um viðhorf til kvennaknattspyrnu á Íslandi. Eins og kom fram í kaflanum „Krónur kvennanna“ þá benti Eggert Magnússon á fjölmiðla (*Morgunblaðið* í þessu tiltekna dæmi) og taldi ábyrgðina liggja hjá þeim að koma á jafnræði í umfjöllun um kvenna- og karlafótbolta. Um leið og slíkt jafnræði næðist, væri hægt að veita jafn miklum fjármunum í kvennaknattspyrnuna og karlaknattspyrnuna. En hver er ábyrgð fjölmiðla?

Til að byrja með fjölluðu fjölmiðlar lítið sem ekkert um kvennaknattspyrnu, en með auknum áhuga og þrýstingi jókst umfjöllun um kvennaknattspyrnu. Hún er samt langt því frá að vera á pari við umfjöllun um karlaknattspyrnu eins og þær rannsóknir sem fjallað verður um hér á eftir sýna. Því er mikilvægt að skoða fjölmiðlana og greina umfjöllun þeirra um kvennaknattspyrnu og velta fyrir sér af hverju minna er skrifað um knattspyrnu kvenna en karla. Er hugsanlega skrifað minna um kvennaknattspyrnu af því að flestir íþróttafréttarmenn eru karlar?

### 4.1 Rannsóknir á fjölmiðlum

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar um hlutfall íþróttaumfjallanna um karla og konur í fjölmiðlum. Meðal annars var gerð skýrsla sem heitir: *Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna*. Skýrslan var gerð í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1996 og fól í sér stofnun nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, en hlutverk nefndarinnar var:

1. Að gera tillögur um hvernig efla megi íþróttir stúlkna og kvenna.
2. Að gera tillögur um hvernig minnka megi brotthvarf stúlkna úr íþróttum á unglingsárunum.
3. Að kanna hvaða fjármagni er veitt til stúlkna- og kvennaíþróttar.
4. Að kanna hver umfjöllun fjölmiðla sé um íþróttir stúlkna og kvenna.
5. Að kanna hver skipting kynjanna sé í forystu íþróttahreyfingarinnar.
6. Að kanna hvað gert hafi verið erlendis í átt til úrbóta í þessum efnun.<sup>73</sup>

---

<sup>73</sup> Vef. Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, bls. 3.

Ástæðan fyrir því að kanna átti umfjöllun fjölmiðla var sú að áhugi og viðhorf almennings skipti miklu máli fyrir það hvort að ungmenni stunduðu íþróttir. Samkvæmt könnun á vegum Gallup sem gerð var árið 1995 fyrir umbótanefnd Íþróttasambands Íslands í kvennaíþróttum, kom í ljós að meirihluta fólks fannst að það ætti að ríkja jafnrétti í íþróttaumfjöllun milli karla og kvenna og að 71% svarenda sögðu að kvennaíþróttirnar fengju of litla umfjöllun. Lítil fjölmiðlaumfjöllun myndi verða til þess að stúlkurnar vantaði fyrirmyndir úr heimi íþróttanna. Þáttur fjölmiðla væri því mikill í þessum efnum.<sup>74</sup> Niðurstöður rannsóknarinnar um mismunandi umfjöllun um íþróttir karla og kvenna í fjölmiðlum var sú að íþróttaumfjöllun um íþróttakonur hafði aukist aðeins frá sambærilegri könnun sem gerð var árið 1990, en aukningin var úr 1% upp í 5%. Hluttur kvenna var því mjög rýr og alls ekki í samræmi við þátttöku kvenna í íþróttum almennt, en samkvæmt gögnum frá árunum 1994 og 1995 þá voru konur um 36% af þátttökuaðilum íþróttahreyfinganna.<sup>75</sup>

Árið 1998 fór umræðan aftur á stað þegar Kvinnalistakonurnar Bryndís Guðmundsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir lögðu fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um reglur um jafnræði milli kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómsunda- og íþróttastarfs frá opinberum aðilum. Í greinargerð með tillögunni er fjallað um nefndina sem var skipuð 1996 til að fjalla um stefnumótun um íþróttir stúlkna og kvenna og fjallað var um fyrr í þessari ritgerð. En helstu tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

- a) Allur stuðningur, fjármagn og aðstaða, sem ríki og sveitarfélög veita til íþróttaskiptist hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna.
- b) Þeir sem fá slíkan stuðning, fjármagn og aðstöðu sýni fram á að skiptingin sé sem jöfnust.
- c) Eftirlit verði með skiptingu fjármagnsins, t.d. mætti festa ákvæði þess efnis í íþróttalögum eða í lögum ÍSÍ.<sup>76</sup>

Ástæðan fyrir tillögu Kvinnalistakvennanna var sú að þessar tillögur nefndarinnar frá 1996 höfðu orðið útundan við endurskoðun íþróttalaga á þinginu áður. Þær bentu á að víða erlendis hafi verið unnið markvist að breyttri stefnu í fjárveitingum til íþróttafélaga. Til dæmis hefðu Norðmenn gert átak í kvennaíþróttum á árunum 1984-86 og meðal annars veitt jafn miklu

<sup>74</sup> Vef. Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, bls. 4-5.

<sup>75</sup> Vef. Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, bls. 6-8.

<sup>76</sup> Vef. Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, bls. 9.

fjármagni til uppbyggingar landsliða karla og kvenna í handknattleik, sem hafi skilað sér í stórbættum árangri norska kvennalandsliðsins á alþjóðlegum mótum næstu ár.<sup>77</sup>

Umræða um konur og fjölmiðla var mikil á þessum tíma og haustið 1998 skipaði Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðherra sameiginlega nefnd menntamálaráðuneytisins og Skrifstofu jafnréttismála, um konur og fjölmiðla. Formaður á fyrra starfsári nefndarinnar var Hanna Katrín Friðriksen, blaðamaður, en hún gaf ekki kost á sér á öðru ári nefndarinnar og þá tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir við formennsku nefndarinnar. Hún hafði setið í nefndinni sem deildarstjóri á RÚV, en var þarna orðin alþingismaður. Nefndin átti að gera tillögur um hvernig ætti að fylgja eftir gr. 9.11 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem fólst í stefnumótun um konur og fjölmiðla og rannsókn og greiningu á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku varðandi fjölmiðla. Einnig yrði að kanna birtingarmyndir kven- og karlímynda í fjölmiðlum og hvernig tryggt væri að umfjöllun fjölmiðla væri fjölbreytt en miðlaði ekki einsleitum ímyndum kynjanna.<sup>78</sup>

Meginverkefni nefndarinnar var því að kanna íslenska fjölmiðla með tilliti til stöðu kvenna og að koma með tillögur um hvort og hvaða hlutverki fjölmiðlar og aðrir hafa að gegna í þessum efnunum. Nefndin ákvað að láta gera tvær rannsóknir vegna þess hversu lítið var um rannsóknir á þessum efnunum. Rannsóknirnar voru um innihald umfjöllunar helstu fjölmiðla um kynin annars vegar, og hins vegar á viðhorfum blaða- og fréttamanna til starfs síns í samhengi við umfjöllun um konur og karla.

Niðurstöður nefndarinnar voru þær að hlutur kvenna í fjölmiðlum er mun minni en hlutur karla og á það jafnt við um fréttamenn, viðmælendur, þáttastjórnendur, greinahöfunda o.s.frv. Kynjahlutfallið var að jafnaði 70% hlutur karla á móti 30% hlut kvenna. Tillögur nefndarinnar voru þrjár: Að auka vitund fjölmiðlafólks, að auka fræðslu í skólum og að koma upplýsingum á framfæri við almenning. Því síðastnefnda var gert skil með gerð sjónvarpsmyndarinnar „Hver er á skjánum?“ eftir Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur<sup>79</sup> sem sýnd var á RÚV. Þegar skýrsla nefndarinnar er skoðuð í samhengi við íþróttir kemur ýmislegt í ljós. Hlutfallið 70/30 er rauður þráður í skýrslunni þó það séu nokkrar undantekningar og hlutur kvenna er til dæmis um 55% þegar kemur að efnisflokknum menning/listir. En þegar íþróttahættir eru skoðaðir dettur hlutur kvenna niður í 7,7% í sjónvarpi.<sup>80</sup>

<sup>77</sup> Vef. Tillaga til þingsályktunar um reglur um jafnræði milli kynja

<sup>78</sup> Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla, bls. 5.

<sup>79</sup> Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla, bls. 27-28.

<sup>80</sup> Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla, bls. 6-7.

Skýrslan segir frá könnun sem Hilmar Thor Bjarnason, fjölmiðlafræðingur og einn nefndarmanna gerði á hvernig kynin birtast í íþróttaumfjöllun dagblaðanna *Dags*, *DV* og *Morgunblaðsins* á tímabilinu 1. maí 1999 til 30. apríl 2000. Þar kom fram að 84,7% íþróttaumfjallanna voru um íþróttir karla, 7,1% um íþróttir kvenna og 8,1% um íþróttir almennt. Viðmælendur í þessum fréttum voru í 92% tilvika karlar og í 8% tilvika konur. Þá kemur fram að kvenviðmælendur í fréttum um knattspyrnu voru á tímabilinu 9 á móti 346 eða 2,5%.<sup>81</sup>

Í rannsókn Önnu Guðrúnar Steinþórsdóttur frá árinu 2006 um íþróttafréttir í dagblöðum, koma svipaðar tölur í ljós. Þar rannsakaði hún muninn á íþróttafréttaumfjöllun milli íþróttagreina í tveimur stærstu blöðum landsins, *Fréttablaðinu* og *Morgunblaðinu*, með því að reikna hversu marga dálksentímetra hver frétt fékk og flokkaði það svo niður. Einnig rannsakaði hún muninn á umfjöllun á milli kynjanna. Niðurstöður rannsóknarinnar um kynjamuninn í íþróttaumfjöllun á Íslandi var sú að 87,1% íþróttafréttu voru um karla, en 9,7% um konur, 3,2% voru um bæði kynin. Þegar kom að knattspyrnunni þá voru 48,8% allra íþróttafréttu um karlknattspyrnu en 3,8% um kvenknattspyrnu. 0,3% allra íþróttafréttu voru um bæði kyn.<sup>82</sup>

Niðurstöður þessara rannsókna eru að umfjöllun um konur í íþróttafréttum blaðanna er hægt og rólega að aukast, en miðað við rannsóknir á stöðunni í kringum aldamót hallar enn mjög á konurnar. Árið 1990 var hlutfallið 1%, 5% árið 1996 og það var komið í 9,7% árið 2006. Allt bendir því til þess að umfjöllun um konur í íþróttafréttum hafi verið að aukast með árunum. En hlutfallið er iðulega minna þegar kemur að knattspyrnufréttum. Taka verður þó með í reikninginn að aðferðafræði þessara rannsókna er mismunandi og því er vafamál hvort þær séu samanburðarhæfar þó þær gefi vissulega ákveðnar vísbendingar um stöðuna.

Þegar ég gerði mína eigin rannsókn á fjölmiðlum við gerð þessarar ritgerðar (sjá ítarlegri umfjöllun í næsta kafla), þá kom oft í ljós að konurnar fengu töluvert minni umfjöllun en karlar þegar kom að knattspyrnufréttum. Hér eru tvö eftirtektarverð dæmi: Þegar íslenska kvennalandsliðið var að keppa sinn fyrsta Evrópumótsleik árið 1982 og gerði 2-2 jafntefli við lið Noregs. Það var mjög góður árangur að gera jafntefli á móti svo góðu liði á útivelli í fyrsta alvöru leik liðsins og öðrum leik íslenska kvennalandsliðsins. Umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum var þó alls ekki mikil, sérstaklega miðað við hversu mikið afrekið var. Á sama tíma varð ÍA bikarmeistari karla í knattspyrnu og fór öll athygli fjölmiðla þangað og

<sup>81</sup> Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla, bls. 20.

<sup>82</sup> Anna Guðrún Steindórsdóttir, „Íþróttafréttir í dagblöðum“, bls. 30.

fyrirsagnir íþróttablaðanna fjölluðu fyrst og fremst um bikarleikinn en aðeins örfáum orðum var varið í árangur kvennalandsliðsins. Í *Morgunblaðinu* fær bikarúrslitaleikurinn umfjöllun á heilum þremur síðum ásamt mynd á forsíðu, en kvennalandsliðið fær einungis örfá orð.<sup>83</sup> Svipað var upp á teningnum í blöðum eins og *Tímanum*<sup>84</sup> og *Dagblaðinu Vísi*<sup>85</sup>. Þetta er dæmi um hversu litla umfjöllun íslenska kvennalandsleikur fær, í skugga úrslitaleiks í bikarkeppni karla.

Hitt dæmið um augljósan áherslumun á karla- og kvennaleikjum er þegar tveir jafn þýðingarmiklir leikir fara fram í kvenna- og karlaknattspyrnunni og sjá má t.d. í umfjöllun *Morgunblaðsins* árið 1995. Þá var umfjöllun um Meistarakeppni KSÍ, en það er fyrsti leikur tímabilsins þar sem sigurvegarar síðasta árs í bikarkeppninni keppa á móti Íslandsmeisturunum í opunarleik fyrir Íslandsmótið. Umfjöllun var um bæði leiki karla og kvenna, en karlaleikurinn fékk nánast heila síðu meðan kvennaleikurinn fékk aðeins örfáar línur.<sup>86</sup>

Rannsóknirnar sýna svart á hvítu að kvennaknattspyrna fær töluvert minni umfjöllun en karlaknattspyrna. Þetta er hins vegar ekki bara réttlætismál, heldur gegna íþróttir stóru hlutverki í forvarnarstarfi og því mikilvægt að höfðað sé bæði til karla og kvenna. Brottfall stúlkna úr íþróttum á unglingsárum er einnig meira en stráka, sem er vandamál.<sup>87</sup> Einnig er mikilvægt fyrir sjálfsmynd ungra stúlkna að eiga fyrirmyndir til þess að geta séð sjálfa sig í ákveðnum hlutverkum og því skiptir máli að fjölmiðlar fjalli um kvenfyrirmyndir í íþróttum. Þetta hafa þessar fyrrnefndar rannsóknir sýnt okkur.

## 4.2 Viðbrögð fjölmiðla, skýringar og afsakanir

En af hverju er svona lítið fjallað um konur í knattspyrnu og íþróttum almennt? Nokkrar blaðagreinar hafa verið skrifaðar um málið, þar sem leitast er eftir svörum hjá starfsfólki fjölmiðla. Til þess að nálgast svarið, er ágætt að skoða viðhorf þeirra og útskýringar. Árið 1987 birtist greinin „Ef Bjarni Fel væri kona...“ í tímaritinu *19. júní*. Þar var farið yfir spurninguna af hverju einungis 4% íþróttaskrifa í fjölmiðlum væri um konur, þó þær væru um 30% íþróttaiðkenda innan ÍSÍ. Vilborg Davíðsdóttir tók þá viðtöl við nokkra íþróttafréttamenn

<sup>83</sup> *Morgunblaðið*, 31. ágúst 1982, bls. 21.

<sup>84</sup> *Tíminn*, 31. ágúst 1982, bls. 10.

<sup>85</sup> *Dagblaðið Vísi - DV*, 30. ágúst 1982, bls. 22.

<sup>86</sup> *Morgunblaðið*, 18. maí 1995, bls. C 12.

<sup>87</sup> Vef. Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, bls. 4.



og spurði þá álits. Skýringarnar voru margar. Hjördís Árnadóttir blaðamaður á *Tímanum*, sem var eina konan sem gegndi starfi íþróttafréttaritara á þeim tíma, sagði að karlaknattspyrna væri betri og hraðari en kvennaknattspyrna og því hefðu áhorfendur ekki áhuga á kvennaknattspyrnu. Lesendur vildu lesa um afreksmenn. Einnig nefndi Hjördís að meira hefði verið skrifað um kvennahandbolta undanfarið, en það skilaði sér ekki í hærri áhorfendatölum á leikjum. Jón Örn Guðbjartsson, íþróttafréttamaður *DV*, var sammála Hjördísi í sambandi við afreksmennina og bendir á að í Noregi er mun meira fjallað um kvennahandbolta en karlahandbolta, enda norsku stelpurnar á heimsmælikvarða. Bjarni Felixson hjá RÚV benti á að á Íslandi væri nær einungis fjallað um fimleika kvenna, en lítið um fimleika karla. Samúel Örn Erlingsson, íþróttafréttamaður Ríkisútvarpsins, vildi meina að ábyrgðin lægi hjá íþróttafélögnum, þjálfarar stúlkanna væru verri og fengju lítið borgað. Tímasetning leikja væri líka slæm, en leikið var oft seint á kvöldin sem skilaði sér í lægri áhorfendatölum og það væri erfiðara fyrir íþróttafréttamenn að fjalla um leikina, því þeir þyrftu að skila inn fréttum fyrir ákveðinn tíma.

Íþróttafréttamennirnir voru svo spurðir út í fordóma gagnvart kvennaíþróttum og meðal annars fullyrti Samúel að „kynjafordómar eru minnsta ástæðan fyrir því að minna er fjallað um íþróttir kvenna.“<sup>88</sup> Hinir íþróttafréttamennirnir tóku undir þá skoðun, töldu þó að það væri hugsanlega einhver íhaldssemi ríkjandi meðal íþróttafréttamanna, en alls ekki á þeim miðli sem þeir ynnu á. Logi Bergmann, íþróttafréttamaður á *Þjóðviljanum*, sagði að íþróttir kvenna hefðu orðið eftir í jafnréttisumræðunni og viðurkenndi að íþróttafréttamenn hefðu ekki staðið sig nógu vel, en að umfjöllunin væri að aukast. „En betur má ef duga skal.“<sup>89</sup>

Árið 1999 birtist ítarleg grein í *Morgunblaðinu* um konur, íþróttir og fjölmiðla<sup>90</sup> eftir Sigríði Dögg Auðunsdóttur. Þar ræddi hún við nokkra forsvarsmenn íþróttadeilda og voru þeir allir sammála því að íþróttaumfjöllun fjölmiðlanna skiptist á tvo vegu. Annars vegar væri það frétt næmt efni samkvæmt almennu fréttamati og hins vegar hin almenna íþróttaumfjöllun, en þar réði áhugi almennings mestu og reynt væri að hafa efnið fjölbreytt. Sigmundur Steinarsson, þá fréttastjóri íþróttafréttanna *Morgunblaðsins*, sagði að gagnrýnin beindist aðallega að boltaíþróttum og ekki ætti að gera mun á kynjunum þegar fjallað væri um afreksfólk, en áhuginn fyrir boltaíþróttum kvenna væri mjög lítill, sem svipar til þess sem var fjallað um í greinum Vilborgar í *19. júní*. Sigmundur sagði meðal annars „að það sé ekki á ábyrgð

<sup>88</sup> Vilborg Davíðsdóttir, „Ef Bjarni Fel væri kona...“, bls. 18-19.

<sup>89</sup> Vilborg Davíðsdóttir, „Ef Bjarni Fel væri kona...“, bls. 18-19.

<sup>90</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 10-14.

fjölmiðla að skapa áhuga á ákveðinni íþrótt því þá séu blaðamenn orðnir uppalendur en ekki fréttamenn.<sup>91</sup> Síðar bætti hann við: „Konur sitja við sama borð og karlmenn. Við megum ekki falla í þá gryfju að reyna að hampa konum eingöngu til þess að bæta hlutfall þeirra á íþróttasíðunum. Þá höfum við brotið allar reglur blaðamennsku og leitum ekki lengur uppi það sem er frétt næmast hverju sinni.“<sup>92</sup>

Ingólfur Hannesson, þá yfirmaður íþróttadeildar RÚV sjónvarps, tók undir þetta, en hann talaði um þá hefð sem karlaíþróttir hefðu skapað sér í þjóðfélaginu og að fjölmiðlarnir eigi að fylgja eftir breytingum í þjóðfélaginu en ekki að skapa þær. Nefndi hann þar Noreg sem dæmi, þar sem íþróttahreyfingin eflaði íþróttastarf kvenna sem varð til þess að norsku handknattleiks- og knattspyrnukonurnar urðu á meðal þeirra bestu í heimi og í kjölfarið hefði áhugi almennings og fjölmiðla á kvennaíþróttum aukist. Jafnvel væri meira fjallað um handknattleik og knattspyrnu kvenna en karla í norskum fjölmiðlum, að sögn Ingólfs.<sup>93</sup>

Einnig var fjallað um það í úttekt *Morgunblaðsins* að konur þættu viðkvæmari fyrir umfjöllun en karlar. Umfjöllun um kvennaboltann væri vandmeðfarin og að íþróttafréttamenn fái oft kvartanir yfir því að þeir séu að brjóta stúlkurnar niður þegar fjallað er um leiki sem yfirburðir eins liðsins hafi verið algjörir og leikurinn kannski endað 8-0. Þessu svaraði Krístrún Heimisdóttir, fyrrverandi íþróttafréttaritari hjá Ríkisútvarpinu og meðlimur HKK þegar samtökin störfuðu, að gagnrýnin væri aðallega á einstaka blaðamenn sem teldu það hlutverk sitt að hella skömmum fyrir íþróttamenn, sama af hvaða kyni væru. Sú aðferð væri hvorki uppbyggileg né vinsæl meðal íþróttafólks. Einnig sagði Krístrún að það væri hluti af karlameningunni að bíta á jaxlinn og láta sem ekkert sé þótt þeim liði illa.<sup>94</sup>

Það að íslensk kvennaknattspyrna væri ójöfn og óspennandi var líka talin vera ein af ástæðunum fyrir því að færri áhorfendur skiluðu sér á völlinn en hjá körlunum, og minni umfjöllun væri um deildina í fjölmiðlum. Í greininni í *Morgunblaðinu* er umræða um að breyta fyrirkomulaginu á deildinni, en sú umræða fer reglulega af stað í fjölmiðlum eins og lesa má um í orðræðugreiningarkaflanum hér á eftir. Rökin fyrir því að minna er fjallað um kvennaknattspyrnu en karlaknattspyrnu, eru að íþróttafréttamenn eigi fyrst og fremst að fjalla um afreksmenn og það sem almenningur hefur áhuga á. En þessi afstaða felur í sér að íþróttafréttamenn þurfa ekki að taka neina ábyrgð á að fjalla jafnt um karla- og kvennaknattspyrnu.

<sup>91</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 12.

<sup>92</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 12.

<sup>93</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 12.

<sup>94</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 14.

Þegar viðhorf Eggerts Magnússonar fyrrverandi formanns KSÍ er skoðað í samhengi við þetta, þá kemur í ljós töluverður skoðanamunur. Eggert vildi meina að fjölmiðlarnir ættu að skapa áhuga á málstaðnum, en fjölmiðlarnir benda á að það þurfi fjármuni frá stofnunum eins og KSÍ og aðildafélögum þess til að fá fleiri stelpur til þess að æfa knattspyrnu. Þessi skoðanamunur veldur því að oft geta knattspyrnufélögin og fjölmiðlar bent á hvort annan og frýjað sig því ábyrgð. Lítil umfjöllun getur auk þess haft þau áhrif að færri stelpur hafi áhuga á því að æfa knattspyrnu til þess að ná árangri, sem veldur því að færri afrekskonur verða til og fjölmiðlar hafa því minni áhuga að fjalla um þær. Þannig getur ákveðinn vítahringur myndast.

### 4.3 Áhrif kveníþróttافرéttamanna

Eitt af þeim atriðum sem iðulega er nefnt til sögunnar sem orsök minni íþróttaumfjöllunar um kvennaíþróttir en karlaíþróttir, er að íþróttافرéttamenn eru langflestir karlmenn. Í könnun Nefndar um konur og fjölmiðla sem skipuð var 1998 og getið var fyrr í þessum kafla, kom í ljós að engar blaða- eða fréttakonur voru að vinna við íþróttافرéttamennsku, en tekið fram í niðurstöðunum að það hafi breyst síðan könnunin var gerð.<sup>95</sup> Almennt eru konur enn í minnihluta í blaða- og fréttamannastétt eða 30% þegar könnun nefndarinnar var gerð árið 1999 og í niðurstöðum innihaldsgreiningar á sjónvarpi er ekki hægt að sjá að óformleg verkaskipting sé ríkjandi á milli kynjanna í efnisvinnslu, nema í íþróttum.<sup>96</sup>

Í grein Sigríðar Daggar í *Morgunblaðinu* 1999 er líka farið yfir áhrif kveníþróttافرéttamanna og í viðtali við Krístrúnu Heimisdóttur segir að það sé enginn vafi á því að það sé ekki jafnræði í umfjöllun um karla og konur í fjölmiðlum. Á meðan hún vann á íþróttadeildinni fjallaði hún alltaf um kvennalandsliðið og karlalandsliðið, en þangað til hafði alltaf verið fjallað um landslið karla í knattspyrnu sem „landsliðið“. Þetta er ágætt dæmi um hvernig íþróttافرéttamenn geta haft áhrif á orðræðu.<sup>97</sup>

Krístrún sagði að skýringin á lítilli umfjöllun sé ekki einungis að það vanti fleiri konur meðal íþróttافرéttamanna, enda séu margir karlmenn sem sinna kvennaíþróttunum vel en aðrir ekki. Það sé líka skekkja í því hvað sé metið frétt næmt, og Krístrún nefnir sem dæmi leik íslenska kvennalandsliðsins gegn því bandaríska sem fékk mjög litla umfjöllun hér heima, en úti fékk leikurinn töluverða umfjöllun og meðal annars langt innslag á CNN. Hér á Íslandi sé

<sup>95</sup> Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla, bls. 16.

<sup>96</sup> Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla, bls. 25.

<sup>97</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 14.

það fréttamat íslenskra fjölmiðla að kvennaíþróttir séu einfaldlega ekki jafn frétt næmar og karlaíþróttir.<sup>98</sup>

Ingólfur hjá RÚV sagði í grein Sigríðar Daggar í *Morgunblaðinu* 1999, að reynt sé að ráða konur í störf sem losna hjá þeim, en af óþekktum ástæðum hafi verið erfitt að fá konur til starfa. Sigmundur sagði einnig að það hafi verið mjög erfitt að fá konur til starfa sem íþróttablaðamenn og hann taldi að óreglulegur vinnutími, langar vaktir og það mikla álag sem fylgir því að ganga frá síðum rétt fyrir prentun sé ástæðan fyrir því.<sup>99</sup> Nánar verður fjallað um áhrif kvenkyns íþróttafréttamanna í orðræðukafla ritgerðarinnar.

---

<sup>98</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 14.

<sup>99</sup> Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla“, bls. 14.

## 5. Orðræðugreining

Nú þegar farið hefur verið yfir áherslur formanna KSÍ, svo og umræðu og áhrif fjölmiðla, er áhugavert að skoða hvernig orðræða í dagblöðum hefur verið í gegnum tíðina og hvort einhver tengsl séu á milli orðræðu í blöðunum og þess sem hefur komið hér fram í þessari rannsókn. Það fyrsta sem er skoðað eru áherslur formanna KSÍ og þær bornar saman við orðræðu í blöðunum.

### 5.1 Fyrstu ár kvennaknattspyrnunnar

Á fyrstu árum kvennaknattspyrnunnar var orðræðan almennt hvetjandi í fjölmiðlum. Fréttirnar voru ekki margar fyrstu árin en fjölluðu flestar um hraða útbreiðslu kvennaknattspyrnunnar úti í heimi og þá var nokkrum sinnum fjallað um stöðu kvennaknattspyrnunnar á Ítalíu þar sem konur væru orðnar atvinnumenn. Í einni af fyrstu fréttunum um kvennaknattspyrnu á Íslandi segir:

Forráðamenn KSÍ gátu þess á blaðamannafundum. s.l. þriðjudag, að ekki væri óhugsandi að hér yrði sett á stofn kvennaknattspyrna. Sem kunnugt er, þá er það mjög til síðs víða erlendis að kvenfólk æfi og keppi í knattspyrnu og svo langt er þetta komið sumstaðar, svo sem á Ítalíu, að þar er komin á atvinnumennska í kvennaknattspyrnu. Augnmyndi gæti það nú orðið íslenskum knattspyrnuunnendum, sem að fá að sjá fallegar stúlkur leika knattspyrnu og þarf varla að efa að hún yrði vinsæl íþróttagrein hér á landi.<sup>100</sup>

Þessi frétt er mjög lýsandi fyrir viðhorf gagnvart kvennaknattspyrnunni í blöðunum fyrstu árin. Almennt er jákvæð umfjöllun um þá hugmynd að konur spili knattspyrnu og dæmi tekin um hvernig staðan er úti í heimi. En einnig kemur fram að það verði nú gaman að horfa á fallegar stúlkur leika knattspyrnu. Þarna kemur fram munur á orðræðu um karlaknattspyrnu og kvennaknattspyrnu, þar sem í tilfelli kvennaknattspyrnunnar er talað um að það gæti verið gaman að fylgjast með fallegum stúlkum, ekki beint knattspyrnunni sjálfri.

Umfjöllun *Morgunblaðsins* um fyrsta opinbera kvennaleikinn á Íslandi, sem var spilaður árið 1970 á milli liða Keflavíkur og Reykjavíkur og fjallað um í bakgrunnskaflanum, er byggð á sömu hugmynd um að konur geti aðallega spilað knattspyrnu til þess að ganga í augun á karlmönnum. Þar er sagt að þetta sé „fyrsta opinbera tilraun til að láta íslenskt

---

<sup>100</sup> *Þjóðviljinn*, 9. apríl 1970, bls. 2.

kvenfólk leika knattspyrnu“ og hefst fréttin á þeim orðum að „[e]kki skal lagður á það neinn dómur hér, hvort þeim valkyrjum tókst að leika knattspyrnu, en hitt er óhætt að fullyrða, að þeim tókst að leika sig inn í hjörtu áhorfenda, enda þaulvanar í þeirri íþróttagrein“<sup>101</sup> Fjallað var um að þær hefðu átt í erfiðleikum með að hitta knöttinn en gengið mun betur að hitta hvora aðra.

Nokkur dæmi voru til að byrja með um að þetta viðhorf skini í gegn hjá blaðamönnum dagblaðanna. Blaðamaður *Tímans* er að segja frá leik Ármanns og Akraness haustið 1971 og að bæði lið hafi góðum kvennaliðum að skipa en telur sig þurfa að bæta við mynd af tveim stúlkum sem leika með Lumley Lovers í Englandi þar sem þær eru að nýta tímann í hálfleik til þess að laga sig til, vegna þess að sögn blaðamanns, það sé margt um „manninn“ á áhorfendapöllum.<sup>102</sup> Árið 1972 segir í *Tímanum* að þar sem konur og karlar megi ekki mætast í knattspyrnu ætli blaðið að birta mynd af „knattspyrnuköppum af veikari kyninu“ þar sem þær eru að gera sig klárar fyrir leik.<sup>103</sup> *Vísir* fjallar árið 1974 um að það eigi margir að koma og sjá skoska liðið St. Rocks gegn FH, því meðal annars er fegurðardrottning Glasgow í skoska liðinu.<sup>104</sup>

*Alþýðublaðið*, sem nánast einungis segir grínfréttir af kvennaknattspyrnu til að byrja með, segir meðal annars fá því í brandarahorni blaðsins árið 1972 að þurft hafi að leggja niður lið starfsstúlkna í verksmiðu í St. Neots í Englandi, því sjö af ellefu stúlkum í liðinu urðu óléttar samtímis.<sup>105</sup> Þá gerir blaðið grín af því að konur haldi fyrir brjóstin þegar þær eru í varnarvegg en karlar fyrir punginn.<sup>106</sup> Og blaðið fjallar árið 1976 um að Ungfrú Ítalía þess árs falli ekki fullkomlega inn í þá mynd sem margir „fávísir karlmenn“ gera sér um slíkar fegurðardrottningar, því hún spili nefnilega knattspyrnu.<sup>107</sup> Athugasemdir um útlit knattspyrnukvenna er því fyrirferðarmikill þáttur í umfjöllun fjölmiðla á þessum tíma. Það að kvennaknattspyrna væri að breiðast hratt út, var mjög áberandi í fréttunum á árunum 1970 til 1972.<sup>108</sup> Það er samt nauðsynlegt að taka það fram að fréttir um kvennaknattspyrnu voru mjög fáar til að byrja með. Þessi þráður í blöðunum hélt áfram eftir að Albert Guðmundsson hætti

<sup>101</sup> *Morgunblaðið*, 22. júlí 1970, bls. 3.

<sup>102</sup> *Tíminn*, 26. september 1971, bls. 9.

<sup>103</sup> *Tíminn*, 22. júní 1972, bls. 17.

<sup>104</sup> *Vísir*, 19. júní 1974, bls. 10.

<sup>105</sup> *Alþýðublaðið*, 23. ágúst 1972, bls. 1.

<sup>106</sup> *Alþýðublaðið*, 18. mars 1972, bls. 13.

<sup>107</sup> *Alþýðublaðið*, 5. nóvember 1976, bls. 13.

<sup>108</sup> *Morgunblaðið*, 17. júlí 1970, bls. 30; *Þjóðviljinn*, 8. ágúst 1970, bls. 2; *Morgunblaðið*, 2. október 1970, bls. 30; *Morgunblaðið*, 24. febrúar 1971, bls. 31; *Þjóðviljinn*, 16. september 1972, bls. 9; *Vísir*, 20. október 1972, bls. 8.

sem formaður KSÍ og Ellert B. Schram tók við, en orðalagið breyttist aðeins og meira var fjallað um aukinn áhuga, fyrir utan árið 1978<sup>109</sup> en þá var kvennaknattspyrnan í lægð og færri lið tóku þátt á Íslandsmótinu. Bæði var fjallað um áhuga stúlkna á knattspyrnu<sup>110</sup> og að áhugi væri almennt að aukast. Það kom fram árið 1977<sup>111</sup>, 1979<sup>112</sup>, 1981<sup>113</sup> og að íslensk kvennaknattspyrna væri í mikilli sókn<sup>114</sup>. Í kjölfar fyrsta landsleiks íslenska kvennalandsliðsins árið 1981<sup>115</sup> kom svo annar kippur þar sem mikið var skrifað um að kvennaknattspyrna væri á uppleið. Bjartsýnin var jafnvel svo mikil í byrjun eftir jafnteflið gegn Norðmönnum árið 1982, að fluttar voru fréttir um að Ísland gæti verið á góðri leið að verða stórveldi í kvennaknattspyrnu.<sup>116</sup>

Í viðtölum við Eggert Magnússon formann KSÍ 1989-2007, kom einnig annað þrástef, þegar hann var spurður út í stöðu kvennaknattspyrnu svaraði hann oft að vaxtarbroddur íslenskrar knattspyrnu værir kvennaknattspyrnan.<sup>117</sup> Almennt var Eggert líka jákvæður þegar hann talaði um kvennaknattspyrnuna og alltaf talaði hann um að hún væri á uppleið<sup>118</sup> Helena Ólafsdóttir landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins 2004, sagði þó að áhugi Eggerts væri meira í orði en á borði, og byggði það á persónulegri reynslu af samskiptum við stjórnendur KSÍ, eins og áður hefur komið fram.<sup>119</sup>

## 5.2 Áhrif fjölmiðla

Umfjallanir um áhugaleysi knattspyrnusambanda og knattspyrnufélaga og það virðingarleysi sem viðgekkst gagnvart kvennaknattspyrnu, einkenndist af lýsingum á tilvikum þar sem dómamarar mættu ekki til að dæma leiki kvennaliða, og fleiri vandamál byrjuðu svo að rata í blöðin um 1980. Árið 1979 var farið að fjalla um það að þó víða í Evrópu væri kvennaknattspyrnan búin að festa sig í sessi þá kvörtuðu forystumenn undan skilnings- og áhugaleysi knattspyrnusambanda, sem hafi leitt til þess að nokkur lönd hafi brugðið á það ráð

<sup>109</sup> *Morgunblaðið*, 17. júní 1978, bls. 31; *Morgunblaðið*, 29. júlí 1978, bls. 30.

<sup>110</sup> *Tíminn*, 12. febrúar 1971, bls. 9.

<sup>111</sup> *Þjóðviljinn*, 2. febrúar 1977, bls. 12; *Þjóðviljinn*, 30. júlí 1977, bls. 11.

<sup>112</sup> *Dagblaðið*, 9. júní 1979, bls. 13.

<sup>113</sup> *Tíminn*, 18. september 1981, bls. 16; *Morgunblaðið*, 19. september 1981, bls. 38.

<sup>114</sup> *Morgunblaðið*, 25. ágúst 1981, bls. 28; *Tíminn*, 26. ágúst 1981, bls. 20.

<sup>115</sup> *Tíminn*, 10. apríl 1981, bls. 15; *Dagblaðið*, 20. maí 1981, bls. 14.

<sup>116</sup> *Tíminn*, 31. ágúst 1982, bls. 10.

<sup>117</sup> *Morgunblaðið*, 26. júní 1994, bls. 8; *Morgunblaðið*, 7. október 1994, bls. E4; *Morgunblaðið*, 18. maí 2004, bls. 11.

<sup>118</sup> *Morgunblaðið*, 18. ágúst 2001, bls. B 2.

<sup>119</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 18. desember 2004, bls. 65.

að stofna sérstök knattspyrnusambönd kvenna. Blaðamaður *Morgunblaðsins* sagði þó að það sé ekki æskilegt og að vonandi yrði þáttur kvennaknattspyrnunnar metinn að verðleikum og sinnt á sama hátt og öðrum verkefnum sambandanna. Blaðamaðurinn sagði svo að aðeins örfá félög á Íslandi hafi komið upp kvennaliðum, en þau sem það hafi gert, geri sér grein fyrir þeim félagslega styrk sem hlýst af því að hafa stúlkurnar með.<sup>120</sup> Svona umfjallanir fóru að verða algengari á níunda áratugnum.

Árið 1982 rataði mál í blöðin þar sem línuverðir mættu ekki til leiks í mikilvægum bikarleik kvenna, og vallarlínur voru að auki óskýrar en dómari ákvað samt að leikurinn yrði spilaður. Dæmdi hann því oft ekki innkast þegar boltinn fór yfir hliðarlínu og dæmdi jafnvel hendi þegar stúlkurnar tóku boltann með höndunum til þess að taka innkast (enda var hann þá ekki búinn að flauta innkast). Dómarinn gagnrýndi frásögn blaðamanns *Þjóðviljans* og sagði að hann hafi ákveðið að leikurinn færi fram, þrátt fyrir línuvarðaleysið og vallaraðstæður, enda stúlkurnar mættar til leiks. Blaðamaður svarar því til að það hafi verið óforsvaranlegt af dómaramum að láta leikinn fara fram, það væri virðingarleysi og spurði dómaramann hvort hann myndi láta karla leika við þessar aðstæður í jafn mikilvægum leik sem þessum? Þetta sé dæmi um hvernig dómarar sýna kvennaknattspyrnu lítillsvirðingu.<sup>121</sup> Dæmi sem þessi áttu eftir að komast mun oftast í blöðin næstu tíu ár.

Árið 1983 mætti dómari ekki á úrslitaleik í bikarkeppninni í kvennaknattspyrnu og sagði blaðamaður *Dagblaðsins Vísis* það „til háborinnar skammar og sjálfsagt einsdæmi í heiminum að dómarar mæti ekki á jafn mikilvægan úrslitaleik sem þennan.“<sup>122</sup>

Árið 1985 var frétt um það að ákveðinn dómari hafi ekki mætt á leik og að það hafi verið í annað skipti sem hann mæti ekki á kvennaleik. Fram kemur að þetta hafi verið vandamál undanfarin ár<sup>123</sup> og bendir það til þess að ekki hafi öll atvik komist í blöðin. Svipuð atvik koma fyrir a.m.k. tvisvar árið 1986. Í fyrra skiptið gleymdi KSÍ að boða dómara á leikinn og öðru liðinu ofbætt og fór heim og var refsað fyrir það með því að þegar dómaramann loksins mætti flautaði hann hinu liðinu 3-0 sigur,<sup>124</sup> og í seinna skiptið varð klukkutímatöf á leiknum útaf því að dómaramann mætti of seint.<sup>125</sup>

---

<sup>120</sup> *Morgunblaðið*, 1. september 1979, bls. 47.

<sup>121</sup> *Þjóðviljinn*, 30. júlí 1982, bls. 15.

<sup>122</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 15. ágúst 1983, bls. 21.

<sup>123</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 15. Júlí 1985, bls. 24.

<sup>124</sup> *Þjóðviljinn*, 13. júní 1986, bls. 15.

<sup>125</sup> *Þjóðviljinn*, 19. júlí 1986, bls. 6.



Árið 1987 var greinilega sendur óreyndur dómari, sem réði ekkert við leik Þórs og Keflavíkur í efstu deild kvenna og við það tækifæri benti blaðamaður *Dags* á að það væri mikilvægt að kvennaknattspyrnan fengi þá virðingu sem henni ber, því kvennaknattspyrnan væri jú á mikilli uppleið.<sup>126</sup>

Árið 1988 virðist sem nokkrar knattspyrnukonur úr Val hafi fengið nóg því þær sendu frá sér opið bréf sem birtist í öllum helstu dagblöðum. Þar kvörtuðu þær yfir því virðingarleysi sem ríkti gagnvart kvennaknattspyrnu og þá sérstaklega dómaramálin sem væru í miklum ólestri hvort sem væri vanrækslu KSÍ eða dómaraastéttinni að kenna.<sup>127</sup> Árið 1988 er annað dæmi þar sem áhrifa umfjöllunar fjölmiðla gætir, en þá er fjallað um það að vallarvörður knattspyrnuvalla Laugardals hafi ekki enn gefið leyfi fyrir því að úrslitaleikur bikarsins í kvennadeildinni verði leikinn á Laugardalsvellingum<sup>128</sup>. Tveimur dögum seinna kemur í ljós að ákveðið hefur verið að láta leikinn fara fram á Laugardalsvellingum, en ekki Valbjarnarvelli, þar sem leikurinn átti upprunalega að fara fram og þótti varla boðlegur neðri deildum karlknattspyrnunnar.<sup>129</sup> Félagsliðin fengu líka sinn skerf af gagnrýni, eins og KR þegar fjallað var um að leikur í 1. deild kvenna gat ekki hafist á réttum tíma því það vantaði hornfána á malarvöllinn. Þá var líka fjallað um hversu furðulegt það væri að konurnar fengju ekki að spila á grasvöllunum, en þeir voru þrír til taks á þessum tíma. Framkoma KR væri ekki til fyrirmyndar.<sup>130</sup>

Þetta eru mjög lýsandi dæmi um það virðingarleysi sem ríkti gagnvart kvennaknattspyrnunni, því það að dómara eða línuverðir mæti seint eða jafnvel ekki, er óhugsandi í efstu deild karla. Lítil áhugi hefur verið hjá dómurum að dæma þessa leiki og KSÍ hefur haft lítinn áhuga á því að gera eitthvað í málinu.

Að öllum líkindum hefur KSÍ tekið sér tak árið 1992 eftir að þeir gerðu tvenn misstök sem rötuðu í blöðin. Það fyrra var að KSÍ frestaði leik Vals og Þórs í efstu deild kvenna um einn dag en gleymdi að láta Val og dómara vita af því og dómari tók því sem Þórslíðið hefði ekki mætt til leiks og flautaði leikinn 3-0 Val í vil<sup>131</sup>. Seinna atvikið átti eftir að draga dilk á eftir sér þar sem Stjórnunni var dæmdur ósigur gegn ÍA, í efstu deild kvenna, þar sem

<sup>126</sup> *Dagur*, 1. september 1987, bls. 5.

<sup>127</sup> *Tíminn*, 21. júní 1988, bls. 12; *Morgunblaðið*, 21. júní 1988, bls. B 14; *Þjóðviljinn*, 21. júní 1988, bls. 7; *Dagblaðið Vísir - DV*, 23. júní 1988, bls. 26.

<sup>128</sup> *Þjóðviljinn*, 18. ágúst 1988, bls. 11.

<sup>129</sup> *Morgunblaðið*, 20. ágúst 1988, bls. 58.

<sup>130</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 3. júní 1991, bls. 33.

<sup>131</sup> *Dagur*, 11. ágúst 1992, bls. 9.

dómarar og línuverðir mættu ekki á réttum tíma. Þegar þeir mættu loks var Stjörnuliðið farið heim og því var ÍA dæmdur 3-0 sigur. Stjarnan kærði þessa ákvörðun og gat Breiðablik ekki fagnað Íslandsmeistaratitlinum fyrr en málið var leyst, því ef leikurinn yrði spilaður aftur hefði ÍA átt tölfræðilegan möguleika á að vinna titilinn ef þær myndu sigra nógu stórt. Stjarnan ákvað því að draga kæruna til baka, þar sem að ÍA hafði ekki áhuga á því að spila leikinn, enda hefði sigurinn þurft að vera það stór að nánast ómögulegt var að ná slíkum sigri, og leikurinn breytti engu fyrir stöðu Stjörnunnar. Stjórn Knattspyrnudeildar Stjörnunnar vildi ekki að málið myndi skaða íslenska kvennaknattspyrnu, því þá hefði ekki verið hægt að krýna Breiðablik meistara fyrir lokahóf leikmanna sem átti að fara fram um kvöldið. Málið varð samt til þess að KSÍ þurfti að biðjast afsökunar á mistökum sínum opinberlega og kom fram í fréttatilkynningu frá KSÍ að vinnubrögð á skrifstofu KSÍ yrðu bætt, til að svona mál myndu ekki endurtaka sig.<sup>132</sup> Það er greinilegt að viðhorfið hafði breyst töluvert og KSÍ gat ekki lengur þagað um þessi mál og varð að bregðast við þeim. Aukin umfjöllun blaðamanna um þetta virðingarleysi hefur að öllum líkindum haft sitt að segja. Á þessum tíma voru líka tvö ár síðan Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna voru stofnuð, sem meðal annars börðust fyrir þessum málum. Eftir þetta mál virðist sem KSÍ hafi tekið sig á, því fleiri fréttir birtust ekki í blöðunum um svipuð mál.

### 5.3 Styrkleikamunur í efstu deild kvenna

Í rannsókn minni á orðræðu um kvennaknattspyrnu í dagblöðum kom meðal annars eitt þrástef í ljós sem íþróttafréttamennirnir notuðu líka til að útskýra minni áhuga almennings á kvennaknattspyrnunni. Það var styrkleikamunur liðanna. Þó að alltaf sé einhver styrkleikamunur á milli liða var ekki byrjað að tala um það sem neitt vandamál hve hann var mikill strax. Þó það hafi verið nefnt nokkrum sinnum til þess að byrja með, eins og fréttin „Markvörðurinn kom aldrei við boltann“ sem segir frá leik Ármanns og Keflavíkur árið 1972 þar sem Ármann var greinilega töluvert betra lið og vann leikinn 8-0. Boltinn fór aldrei inn í vítateig Ármanns og markmaðurinn kom aldrei við boltann.<sup>133</sup> Í frétt ári seinna um Íslandsmót kvenna er líka skrifað um þann mikla styrkleikamun á bestu liðunum og hinum sem eru sögð vera mörgum klössum fyrir neðan.<sup>134</sup>

<sup>132</sup> *Tíminn*, 19. september 1992, bls. 10.

<sup>133</sup> *Tíminn*, 6. september 1972, bls. 11.

<sup>134</sup> *Morgunblaðið, Íþróttafréttir Morgunblaðsins*, 26. júní 1973, bls. 8.

Svo hættu blöðin að fjalla um styrkleikamuninn þangað til árið 1994 þegar þessi umræða byrjaði aftur. Umræða um þörfina á að breyta fyrirkomulaginu á Íslandsmótinu varð áberandi í umfjöllun um kvennaknattspyrnu. Í frétt *Tímans* árið 1994 er fjallað um vandamálið og skiptar skoðanir um fyrstu deild kvenna í knattspyrnu. Vandamálið var að deildin var tvískipt og þau lið sem voru í neðri hlutanum töpuðu reglulega mjög stórt gegn liðunum í efri hlutanum og umræða hófst um breytt fyrirkomulag. Hugmyndirnar voru margar og skiptar skoðanir á málinu eins og má lesa um í *Tímanum*.<sup>135</sup> Meðal hugmynda var að breyta fyrirkomulaginu í sex liða úrvalsdeild þar sem leiknar væru fleiri umferðir. Við það myndi mótið verða meira spennandi, en þá fengju ekki ungu stelpurnar reynslu ef þær fengju ekki tækifæri til að keppa á móti þeim bestu. Þessi umræða kom alltaf reglulega í blöðin og var greinilega alltaf hluti af umræðunni um kvennaknattspyrnuna.

Árið 2000 kom umræðan um styrkleikamuninn aftur upp, til dæmis í tveimur viðtölum við knattspyrnukonur, þær Kristínu Arnþórsdóttur<sup>136</sup> og Sigrúnu Óttarsdóttur<sup>137</sup>. Árið 2004 var umfjöllun um að deildin væri jafnari en oft áður og hugsanlega myndi ÍBV eða Valur vinna deildina, en ekki KR eða Breiðablik, en ekkert annað lið hafði unnið deildina síðan 1989 (þess má geta að Valur vann deildina það ár).<sup>138</sup> Árið 2006 varð umræðan aftur mjög áberandi enda var deildin ekki mjög spennandi það ár. Í viðtali við Erlu Hendriksdóttur, fyrrverandi landsliðskonu í knattspyrnu, segir hún að Íslandsmótið yrði skemmtilegra og meira spennandi ef liðunum yrði fækkað og leiknar fleiri umferðir, og þannig gæti spennan jafnvel haldist út allt mótið.<sup>139</sup> Í öðru viðtali við Vöndu Sigurgeirsdóttir, fyrrverandi þjálfara kvennalandsliðsins, kemur fram að hún telji þetta hafa verið vandamál í tíu ár eða lengur, eða síðan hugmyndin kom upp að breyta fyrirkomulaginu til þess að auka skemmtanagildið. Vanda hafði líka áhyggjur á því að áhuginn minnkaði útaf þessari litlu spennu.<sup>140</sup>

Fleiri tjáðu sig um vandamál kvennaknattspyrnunnar. Geir Þorsteinsson, þá framkvæmdastjóri KSÍ, hafði áhyggjur af fjölda erlendra leikmanna í íslensku kvennadeildinni og að spennan væri lítil í deildinni. Nefndi hann sérstaklega að minni liðin ættu ekki möguleika í þau stærri, en gat ekki svarað því hvort að það eitt og sér að breyta

---

<sup>135</sup> *Tíminn*, 23. júní 1994, bls. 7.

<sup>136</sup> *Morgunblaðið*, 5. ágúst 2000, bls. B 2.

<sup>137</sup> *Morgunblaðið*, 16. september 2000, bls. B 9.

<sup>138</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 18. maí 2004, bls. 18.

<sup>139</sup> *Morgunblaðið*, 16. júní 2006, bls. D 11.

<sup>140</sup> *Fréttablaðið*, 28. júní 2006, bls. 72.

fyrirkomulagi mótsins myndi leysa vandamálið.<sup>141</sup> Tryggvi Þorsteinsson, í stjórn Aftureldingar, hafði sömu áhyggjur og taldi að vandamálið væri að stóru liðin fengju alla bestu leikmennina og jafnvel vildu góðir leikmenn frekar sitja á bekknum hjá stóru liðunum, heldur en spila með þeim minni.<sup>142</sup>

#### 5.4 Kvartanir í fjölmiðlum

Þó að íþróttafréttamenn hafi fjallað um að þeir væru bara að sinna eftirspurn þá komu samt reglulega kvartanir yfir lítilli umfjöllun um kvennaknattspyrnu. Við rannsókn mína rakst ég á nokkrar kvartanir, þær fyrstu frá 1979 þar sem tvær kvartanir birtust í blöðum frá lesendum, um að íþróttafréttamenn fjölmiðlanna segðu aldrei frá kvennaleikjum<sup>143</sup>. Ein þeirra sem sendi inn kvörtun spurði sig að því hvort að jafnrétti kynjanna væri aðeins til í orði, þar sem umfjöllun um kvennaknattspyrnu í fjölmiðlum væri jafn lítil og raun bæri vitni. Hún nefndi þar sem dæmi að eftir hvern einasta leik hjá meistaraflokki karla kæmi umfjöllun um að þessi eða hinn hefði leikið vel, en það væri aldrei gert í umfjöllun um kvennaliðin.<sup>144</sup>

Til að byrja með voru það oft stelpurnar sjálfar sem kvörtuðu í blöðin, þó undir nafnleynd<sup>145</sup> en dæmi eru um að karlar hafi líka kvartað. Einn þeirra er Þröstur Haraldsson, pistlahöfundur *Þjóðviljans*, sem spyr sig hvort ástæðan sé að fáar konur séu íþróttafréttamenn eða hvort að það sé vegna þess að karlar ríghalda oft í gamlar og úreltar hugmyndir hvað fólk vill lesa í blöðunum.<sup>146</sup> Þetta birtist líka í viðtölum við knattspyrnukonur eins og Olgu Færseth, sem vildi þó ekki vera harðorð, sagði umfjöllunina ekki vera alslæma, en vantaði eitthvað upp á skipulagið því það virtist tilviljunarkennt á hvaða leiki sjónvarpstöðvarnar sendu fréttamenn á.<sup>147</sup> Einnig kom fram að mikilvægt væri að auka umfjöllun um kvennaknattspyrnu í fjölmiðlum. Það hafi til dæmis skilað sér í Bandaríkjunum og Noregi.<sup>148</sup>

---

<sup>141</sup> *Fréttablaðið*, 29. júní 2006, bls. 78.

<sup>142</sup> *Morgunblaðið*, 20. nóvember 2006, bls. 24.

<sup>143</sup> *Morgunblaðið*, 12. júní 1979, bls. 45.

<sup>144</sup> *Dagblaðið*, 2. ágúst 1979, bls. 2.

<sup>145</sup> *Morgunblaðið*, 10. júlí 1984, bls. 45; *Dagblaðið Vísir - DV*, 10. október 1985, bls. 16; *Morgunblaðið*, 18. júlí 1989, bls. 49; *Morgunblaðið*, 28. ágúst 1990, bls. 44.

<sup>146</sup> *Þjóðviljinn*, 18. ágúst 1989, bls. 26.

<sup>147</sup> *Morgunblaðið*, 13. september 1998, bls. 14.

<sup>148</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 1. desember 1999, bls. 36.

## 5.5 Kvenkyns íþróttافرéttamenn

Áhrif kvenkyns íþróttافرéttamanna koma líka greinilega í ljós þegar blöðin voruð skoðuð. Til dæmis má sjá mikla aukningu í umfjöllun um kvennaknattspyrnu á meðan Ingibjörg Hinriksdóttir var hjá *Dagblaðinu Vísir* árið 1988. Hún átti líka eftir að hafa meiri áhrif. Ákveðin kaflaskil mátti líka sjá í blöðunum árið 1992 eftir bikarleik ÍA og Breiðabliks, sem fór 3-2 fyrir ÍA og þótti mjög skemmtilegur. Leiknum var lýst sem frábærum leik og sagður vera frábær auglýsing fyrir íslenskan kvennafótbolta, að leikmenn hafi sýnt að sú uppsveifla sem ætti sér stað í kvennaboltanum væri ekki tilviljun heldur árangur áralangrar þjálfunar og baráttu fyrir tilveru sinni.<sup>149</sup> Þessi frétt var skrifuð af Ingibjörgu Hinriksdóttur og var bæði ítarleg og jákvæð. Hinir miðlarnir fylgdu svo eftir þar sem meðal annars var talað um að leikurinn hefði lyft kvennaknattspyrnu á hærra plan.<sup>150</sup>

Í kjölfar leiksins hófst umfjöllun um að nú væru stelpur að koma upp í meistaraflokk, sem hefðu byrjað ungar að æfa og það væri að skila sér í betri og skemmtilegri knattspyrnu,<sup>151</sup> en það hafði verið algennt þrústef að stelpur þyrftu að byrja að æfa knattspyrnu fyrr til þess að ná betur ákveðinni tækni, kennslu svo þær meiddust síður og réttari vöðvapjálfun.<sup>152</sup> KSÍ notaði sömu rök fyrir því að flýta sér hægt, mikilvægara væri að hugsa um yngri kvennalandsliðin heldur en leggja áherslu á A-landsliðið, því kvennaknattspyrnan væri ung og að eldri stelpunum vantaði þá grunnþjálfun sem nauðsynleg væri.<sup>153</sup> Tveimur árum seinna mættu nokkrar konur á ársþing KSÍ og töluðu um mikilvægi þess að hafa A-landslið kvenna, til þess að hafa eitthvað til þess að stefna að.<sup>154</sup> Sama sagði svo Vanda Sigurgeirsdóttir í viðtali ári seinna.<sup>155</sup> Það hlýtur nefnilega að vera mikilvægt fyrir ungar stelpur að hafa fyrirmyndir í A-landsliði og að bæta yngri kvennalandsliðin. Annars eru líkur að stelpurnar hætti knattspyrnuíðkunn. A-landsliðið er líka mikilvægt fyrir þær konur sem eru þegar að spila knattspyrnu á efsta stigi, til að hafa eitthvað að stefna að.

<sup>149</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 24. ágúst 1992, bls. 34.

<sup>150</sup> *Morgunblaðið*, 25. ágúst 1992, bls. C 5.

<sup>151</sup> *Morgunblaðið*, 25. ágúst 1992, bls. C 4.

<sup>152</sup> *Þjóðviljinn*, 14. júlí.1979, bls. 19; *Morgunblaðið, Víkingar í vígahug!*, 13. september 1981, bls. 22.

<sup>153</sup> *Morgunblaðið*, 8. desember 1987, bls. B 5.

<sup>154</sup> *Morgunblaðið*, 5. desember 1989, bls. B 4.

<sup>155</sup> *Morgunblaðið*, 30. október 1990, bls. B 4.

## 5.6 Umdeild auglýsing

Árið 2001 varð kvennaknattspyrnan að deiluefni í blöðunum, en ekki vegna árangurs á knattspyrnuvelliðnum, heldur vegna auglýsingu sem birtist í *Morgunblaðinu* af landsliðskonum á baðfötunum einum klæða með fyrirsögninni „stelpuslagur“. Tilgangur auglýsingarinnar var að fá fleiri áhorfendur á leik Íslands og Ítalíu og á leiki með landsliðinu almennt. Valgerður Bjarnadóttir, þá framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, sagði auglýsinguna vera sorglega, auglýsingin væri með kynferðislegum undirtóni og sorglegt að landsliðskonurnar hafi látið undan kröfum markaðsaflanna. Henni fannst líka slæmt að landsliðskonurnar gætu ekki staðið með því sem þær gera og fengið athygli fyrir það, en ekki það sem heimurinn veitir sjálfkrafa athygli<sup>156</sup> – þ.e.a.s. bert hold. Ásthildur Helgadóttir, þá fyrirliði landsliðsins, sagði í sömu frétt um málið að það hafi verið nauðsynlegt að vekja athygli á liðinu og leikjum þess. Hún hafi verið ánægð með þann kynferðislega undirtón sem mátti lesa úr auglýsingunni, þær hafi líka viljað breyta viðhorfinu til stelpnanna í knattspyrnu, sem voru oft taldar vera með feit læri og stóran rass af því þær æfðu fótbolta.<sup>157</sup>

Þetta er vissulega viðhorf sem hefur fylgt kvenkyns iðkendum íþróttagreina sem litið hefur verið á sem „karlmannlegar“, skv. Hargreaves, sem nefnir einmitt fótbolta sem dæmi um slíka íþrótt þar sem kvenkyns iðkendum er oft legið á hálsi fyrir að vera ókvenlegar, massaðar, líkar karlmönnum eða lesbískar, til þess að undirstrika að þær uppfylla ekki skilyrði samfélagsins um hefðbundinn kvenleika.<sup>158</sup> Draga má þær ályktanir að með auglýsingunni hafi kvennalandsliðið reynt að vinna gegn þessum viðhorfum. En blöðunum þótti auglýsingin misjöfn, þannig var skrifað í leiðara *Morgunblaðsins* að auglýsingin væri dapurleg.<sup>159</sup> Pistlahöfundur *Fréttablaðsins* var mjög ánægður með auglýsinguna<sup>160</sup> en *Dagblaðið Vísir* gagnrýndi landsliðskonurnar og setti málið í víðara samhengi við það sem væri að gerast út í heimi og „nektarbylgjuna“ sem á sér stað á meðal íþróttakvemma.<sup>161</sup> Sé tekið undir með *Dagblaðinu Vísir* má segja að knattspyrnukonurnar hafi farið frá einni staðalmynd til annarrar, frá óaðlaðandi fótboltakonum yfir í klámvædd bikíní-módel. Jafnvel má segja að þarna ýti þær undir þau viðhorf sem komu fram hjá blaðamönnum á fyrstu árum kvennaknattspyrnunnar á Íslandi, að það væri gaman að horfa á fallegar stelpur spila

<sup>156</sup> *Morgunblaðið*, 8. september 2001, bls. 6.

<sup>157</sup> *Morgunblaðið*, 8. september 2001, bls. 6.

<sup>158</sup> Hargreaves, Jennifer. *Sporting females*, bls. 171.

<sup>159</sup> *Morgunblaðið*, 11. september 2001, bls. 30.

<sup>160</sup> *Fréttablaðið*, 11. september 2001, bls. 8.

<sup>161</sup> *Dagblaðið Vísir - DV*, 15. september 2001, bls. 23.

knattspyrnu, ekki knattspyrnunnar vegna heldur vegna kynþokka knattspyrnukvennana. Og spurningin er hvað þetta kemur fótbolta við þegar öllu er á botninn hvolft?

## 6. Niðurstöður

Íslensk kvennaknattspyrna hefur tekið gífurlegum framförum síðan nokkrar stúlkur byrjuðu að spila sín á milli á árunum 1968-70. Í raun var ekki við öðru að búast, en árangur liðsins í dag er alls ekki sjálfsgæður og það hefur ekki gengið þrautarlaust að ná þeim árangri.

Í upphafi rannsóknarinnar setti ég fram nokkrar rannsóknarspurningar, sem voru kynntar í inngangi og ágætt að rifja hér upp. En þær eru: Hvernig lýsir viðhorfið til íslenskrar kvennaknattspyrnu sér í fjölmiðlum og innan KSÍ? Hvernig hefur orðræða og umfjöllun breyst í gegnum árin? Einnig verður rannsakað hvaða samfélagslegu viðhorf það eru sem valda þeim breytingum.

Viðhorfið hefur breyst mikið í gegnum tíðina, frá þeim umræðum að það væri svo sem í lagi að konur spiluðu knattspyrnu og karlarnir ræddu um að það gæti nú hugsanlega verið allt í lagi að horfa á fallegar konur spila knattspyrnu, yfir í þá virðingu sem þær fá nú í dag. Tilgáta mín um að umfjöllun í kvennaknattspyrnu hefði verið jákvæð til að byrja með stenst, en það hefur örugglega hjálpað að tíðarandinn, þegar stelpurnar voru fyrst að stíga inn á knattspyrnuvellinga, hefur verið hagstæður. Aukið frjálsræði í kjölfar samfélagsbreytinga á sjöunda áratugnum (kennt við '68-kynslóðina) hefur haft sitt að segja, en formaður KSÍ sem tók við keflinu á svipuðum tíma og kvennaknattspyrnan hóf að ryðja sér rúms, reyndist mjög jákvæður í garð kvennaknattspyrnu og það hefur verið lóð á vogarskálarnar. Aðrir formenn KSÍ höfðu ekki jafn mikinn áhuga á kvennaknattspyrnu. Stofnun kvennalandsliðsins 1981 og endurvakning kvennalandsliðsins 1993, Landsbankadeildarmálið og dagpeningagreiðslumálið eru allt mál sem komu til vegna utanaðkomandi þrýstings, þar sem fjölmiðlar og Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna tóku sig til og gagnrýndu KSÍ. Lítið gerðist innan KSÍ í málefnum kvennaknattspyrnunnar nema með utanaðkomandi þrýstingi. Viðbrögð við framboði Höllu Gunnardóttur til formanns KSÍ árið 2007 sýnir svo hversu mikil karlamenning er innan KSÍ, og ýmislegt bendir til þess að áhugi forsvarsmanna KSÍ á kvennaknattspyrnu sé meiri í orði en á borði.

Þegar fjölmiðlarnir eru skoðaðir kemur ýmislegt í ljós. Töluvert minna er fjallað um íþróttir kvenna en karla og þá sérstaklega hópíþróttir eins og knattspyrnu. Þetta veldur því að mun erfiðara er fyrir stelpur að finna knattspyrnufyrirmyndir af sama kyni á íþróttasíðum blaðanna. Lítil umfjöllun getur auk þess haft þau áhrif að færri stelpur hafa áhuga á því að æfa knattspyrnu til þess að ná árangri, sem veldur því að færri afrekskonur verða til og fjölmiðlar hafa því minni áhuga að fjalla um þær. Þannig getur ákveðinn vítahringur myndast. Með



sameiginlegu átaki mætti auðveldlega komast hjá þessum vítahring. Þannig gætu fjölmiðlar og KSÍ aukið áhugann hjá stelpum að byrja að æfa knattspyrnu. Núverandi velgengi íslenska kvennalandsliðsins hjálpar líka til, en halda þarf áfram að hvetja stelpur til þess að æfa til þess að það haldist. Einnig vilja þær stelpur sem æfa og spila knattspyrnu fá sömu virðingu og athygli og karlarnir fá fyrir sömu íþrótt. Rannsóknir sýna að þetta er allt í rétta átt, en þó er enn langt í land að konur fái sömu umfjöllun og karlar.

Það er samt alltaf sama spurningin sem dúkkar upp, hvort að fjölmiðlar eigi að skapa áhuga á málstaðnum, eða hvort að auknir fjármunir eigi að renna frá stofnunum eins og KSÍ og aðildafélögum þess til að fá fleiri stelpur til þess að æfa knattspyrnu. Þessi skoðanamunur veldur því að oft geta knattspyrnufélögin og fjölmiðlar bent á hvort annan og firrt sig því ábyrgð. Annað sem gæti haft áhrif, bæði innan KSÍ og knattspyrnufélaganna og svo íþróttadeildum fjölmiðlanna, er að hversu fáar konur eru að störfum innan þeirra. Bæði knattspyrnufélögin og íþróttadeildir fjölmiðlanna hafa í gegnum árin verið mikil karlavígi. Það er ekki að ástæðulausu að knattspyrnan var stundum kölluð höfuðvígi karlmennskunnar af knattspyrnukonum. Innan KSÍ og aðildarfélaga þess hefur aðeins verið þrýst á konur að koma sér inn í störf félaganna eftir að þær hætta í knattspyrnunni. Geir Þorsteinsson lagði meðal annars áherslu á það í viðtali við Morgunblaðið í kjölfar sigur hans í kosningunum til formanns KSÍ.<sup>162</sup>

Svipað er upp á teningnum á íþróttadeildum fjölmiðlanna, fáar konur eru þar til starfa. Hugsanlega fer þetta að breytast, með netfjölmiðlum eins og *fótbolti.net* þar sem fréttaritarar eru margir og þar af nokkrar stelpur sem skrifa um kvennaknattspyrnu. Áhrif kvenkyns íþróttafréttaritara eru samt greinileg, það sýnir sig þegar blöðin eru lesin að ítarlegar og jákvæðar fréttir voru um kvennaknattspyrnu þegar Ingibjörg Haraldsdóttir var fréttaritari á íþróttadeild *Dagbladsins Vísis*. Það er því mikilvægt fyrir kvennaknattspyrnuna að konur hasli sér völl innan knattspyrnufélaganna, KSÍ og íþróttadeilda fjölmiðlanna.

Fyrir orðræðugreiningarkafllann voru öll helstu blöð tímabilsins skoðuð, en aðferðinni við vinnslu hans er lýst í inngangskafli ritgerðarinnar. Ýmislegt kom fram þegar dagblöðin voru rannsökuð. Áhrif fjölmiðla koma skýrt í ljós, ásamt því hversu mikilvægir þrýstihópar eins og Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna eru. Vægi kvenkyns íþróttafréttamanna var líka greinilegt þegar blöðin voru rannsökuð.

---

<sup>162</sup> *Morgunblaðið*, 13. febrúar 2007, bls. B 3.

Það er líka áhugavert hversu erfitt er að flokka þau viðhorf sem birtast í blöðum, en þau geta verið bæði jákvæð og neikvæð í senn. Gott dæmi um það er þegar hvetjandi fréttir um knattspyrnuíðkunn kvenna birtust fyrst í blöðunum. Skrifaðar voru jákvæðar fréttir um kvennaknattspyrnu, en í sömu fréttum var oft mikilar áherslur á útlit kvennanna, sem væri góð ástæða fyrir því að horfa á kvennaknattspyrnu – eitthvað sem konurnar þurftu sífellt að sitja undir á fyrstu árum kvennaknattspyrnunnar. En þær áttu um 30 árum síðar eftir að nýta sér þessar hugmyndir um fallegar konur að spila knattspyrnu til þess að fá aukna athygli og reyna að fá fleiri áhorfendur á völlinn. Því má kannski segja, til að draga saman hvernig orðræða og umfjöllun um íslenska kvennaknattspyrnu hefur breyst á því tímabili sem er til rannsóknar hér, að sagan endurtaki sig að vissu leyti.

Það sem er þó meira áberandi, er að baráttan fyrir því að kvennaknattspyrna sé virt til jafns við karlaknattspyrnu, er enn til staðar þó hún hafi breyst. Hún þróast til dæmis frá því að það komi reglulega fyrir að dómara eða línuverðir mæti ekki til að dæma kvennaleiki, yfir í að Ríkissjónvarpið klippir á lokamínútur beinnar útsendingar á úrslitaleik í bikarkeppni kvenna til að hefðbundin sjónvarpsdagskrá teyfist ekki. Baráttan er sú sama, orustunnar aðeins mismunandi.

Á síðustu dögum ritunar þessarar ritgerðar kom upp umræða í fjölmiðlum um greiðslur til dómara sem dæma leiki í úrvaldsdeild karla og kvenna, en um 150% munur er á greiðslum til dómara eftir því hvort þeir dæma karla- eða kvennaleiki – og eru greiðslurnar miklu lægri fyrir kvennaleikina.<sup>163</sup> Þó að þessar fréttir nái ekki til rannsóknartímabils þessarar ritgerðar vil ég benda á það hér að þetta fyrirkomulag KSÍ, er eins og hefur verið sýnt fram á í þessari ritgerð, í beinu samhengi við stöðu kvennaknattspyrnu á Íslandi sem hefur alltaf þurft að berjast fyrir sínu og fyrir því að vera virt til jafns við karlafótboltann. Leitast hefur verið við að útskýra þennan stöðumun í burtu sem málefnalegan, samanber umfjöllun þessarar ritgerðar um slíkar útskýringar forsvarsmanna KSÍ og íþróttafréttafólks í gegnum tíðina. Það sama gerist í umræðunni nú vorið 2013 um dómargreiðslurnar, forsvarsmenn KSÍ vilja meina að þetta sé allt á málefnalegum grunni. Þegar við skoðum stöðu kvennaknattspyrnu á Íslandi í dag er því nauðsynlegt að við áttum okkur á að útskýringar forsvarsmanna KSÍ eru hluti af orðræðu síðustu áratuga, ekki einstakt tilvik. Sagan kennir okkur það að staða kvennaknattspyrnunnar á Íslandi er verri en karlaknattspyrnunnar, um er að ræða áratugalangt vandamál og þegar við vitum það þá hefur það hugsanlega áhrif á hversu mikið lengur við

---

<sup>163</sup> Vef. Snýst ekki um kynjamisrétti.

erum tilbúin að hlusta á alls kyns útskýringar sem eiga að sannfæra okkur um að vandamálið sé í raun ekki til staðar. Sagan hjálpar okkur að vita betur og það er það sem ég hef reynt að draga fram í þessari ritgerð um viðhorf til íslenskrar kvennaknattspyrnu.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

*Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*

Anna Guðrún Steindórsdóttir, „Íþróttafréttir í dagblöðum.“ B.S.-ritgerð á íþróttabraut við Kennaraháskóla Íslands 2007.

*Skjalasafn Knattspyrnusambands Íslands KSÍ*

Ársskýrslur Knattspyrnusambands Íslands 1970 - 1990.

Þinggerðir Knattspyrnusambands Íslands 1971 - 2007.

### Vefheimildir

Vef. Framboðstilkynning Höllu Gunnarsdóttur:

<http://www.halla-ksi.blog.is/blog/halla-ksi/entry/106769/>, sótt 2. maí 2013.

Vef. Frá Helenu Ólafsdóttur:

<http://www.ksi.is/mot/nr/1840>, sótt þann 4. maí 2013.

Vef. Halla Gunnarsdóttir í viðtali: Tel mig eiga möguleika að ná kjöri:

<http://www.fotbolti.net/fullStory.php?id=43676>, sótt 2. maí 2013.

Vef. Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna; skýrsla nefndar menntamálaráðaráðuneytisins, Menntamálaráðuneytið, október 1997.

[http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Upplysingar-Utgefid/ithr\\_stulkna\\_kvenna.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/ithr_stulkna_kvenna.pdf)  
sótt 4. maí 2013.

Vef. Snýst ekki um kynjamisrétti: <http://www.visir.is/snyst-ekki-um-kynjamisretti/article/2013130509482>, sótt 9. maí 2013.

Vef. Tillaga til þingsályktunar um reglur um jafnræði milli kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs. Þskj. 209 - 193. mál. 123. löggjafarþing 1998–99. *Vefútgáfa Alþingis*, <http://www.althingi.is/altext/123/s/0209.html>, sótt 4. maí. 2013.

Vef. Nefnd um konur og fjölmiðla. Álit og tillögur. Menntamálaráðuneytið, febrúar 2001. [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/4F2E3C5F41814C0E002576F00058D559/Attachment/konur\\_fjolmidlar.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/4F2E3C5F41814C0E002576F00058D559/Attachment/konur_fjolmidlar.pdf), sótt 4. maí 2013.

## **Prentaðar heimildir**

*Alþýðublaðið* 1972 – 1976.

Ágúst Ingi Ágústsson, *Áfram Víkingur. Saga knattspyrnufélagsins Víkings í 75 ár.* Reykjavík 1983.

Arnar Gíslason og Guðni Rúnar Gíslason, „Íslensk knattspyrna.“ *Vera*. 1. tbl., 21.árg. 2002, bls. 71.

*Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna.* Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstýrðu. Reykjavík 1998.

*Dagblaðið* 1979 – 1981.

*Dagblaðið Vísir – DV* 1982 – 2004.

*Dagur* 1987 – 1992.

Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903.* Reykjavík 2011.

*Fréttablaðið* 2001 – 2006.

Hargreaves, Jennifer, *Sporting females. Critical issues in the history and sociology of women's sports.* London 1994.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu.“ *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði.* Ritstýrt af Rannveigu Traustadóttur. Reykjavík 2006.

*Morgunblaðið* 1970 – 2007.

*NT* 1984.

Scott, Joan Wallach, *Gender and the politics of history*. New York 1999.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Konur, íþróttir og kastljós fjölmiðla.“ *Morgunblaðið*. 160. tbl., 1999, bls. 10-14.

Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*. Reykjavík 1993.

*Skinfaxi*, „Konur í knattspyrnu þurfa að berjast fyrir lífi sínu.“ 2. tbl., 82. árg. 1991, bls. 31-33.

*Tíminn* 1971 – 1994.

Víðir Sigurðsson, *Íslensk knattspyrna 2007*. Reykjavík 2007.

Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, *Knattspyrna í heila öld. 1896-1997*. Reykjavík 1997.

Vilborg Davíðsdóttir, „Ef Bjarni Fel væri kona...“ *19. júní*. 1. tbl., 37.árg. 1987, bls. 18-19.

*Vísir* 1972 – 1974.

*Þjóðviljinn* 1970 – 1989.

Þórmundur Bergsson, „Örlítill titringur.“ *Helgarpósturinn*. 49. tbl., 1987, bls. 39.

